

ABBA
alltaf eins



Síðasta nótt
Klöru í Eyjum



Lífið > 16

Lífið > 18

FRÉTTABLAÐIÐ

103. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 27. MAÍ 2022



Um klukkutíma löng biðröð í Veltibilinn var vel þess virði fyrir þessa þrjá drengi sem skemmtu sér konunglega á Vorhátíð Hlíðaskóla. Auk veltibilsins var boðið upp á alls kyns afþreyingu á borð við jóga, BMX hjólasýningu, tónleika og fleira. Hátíðina nýta 10. bekkingar skólans til fjáröflunar fyrir útskriftarferð með sölu á góðgæti og andlitsmálun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viðræður um meirihluta gætu tekið tíu daga

Velferðarmál voru rædd í gær í viðræðum um myndun meirihluta í Reykjavík. Erfiðari málin eru látin bíða. Flugvöllinn hefur ekki borið á góma. Fyrsti fundur borgarstjórnar verður 7. júní.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL „Við höfum verið að ræða málefni barna, íþróttamál, leikskólamála og önnur mál tengd velferð barna, málefni eldra fólks

og mál tengd fjölmenningsfélaga. Það er góður samhljómur hjá okkur á þessum sviðum,“ segir Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins um viðræður um myndun meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Flokkarnir fjórir, Framsókn, Samfylking, Píratar og Viðreisn funduðu í allan gær frá klukkan ellefu til sex.

Einar segir góðan anda í hópnum. Öllum helstu málefna sviðum hafi verið skipt í flokka „og svo bara vinnum við okkur í gegnum þá hægt og rölega.



Einar Þorsteinsson frambjóðandi framsóknarflokksins í Reykjavík

Flugvöllinn í Vatnsmýri hefur enn ekki borið á góma í viðræðunum að sögn Einars, en stefnur flokkanna hafa verið mjög ólíkar á því sviði á undanförunum árum og áratugum. Samfylkingin hefur lengi stefnt að því að nýta Vatnsmýrina sem byggingarland en Framsóknarflokkurinn lagt áherslu á að völlum verði áfram í Vatnsmýri. Einar gaf þó til kynna í kosningabaráttunni að hann væri reiðubúinn að ræða flutning flugvallarins úr Vatnsmýrinni, finnst annar hentugur staður fyrir flugvöllinn.

„Erfiðari málin eru ekki komin á dagskrá en við munum ræða öll mál. Það er mikilvægt að það sé traust og sameiginlegur skilningur á þeim málum sem þarf að taka á á næstu fjórum árum.“

„Ég veit ekkert hvenær viðræðurnar klárast, þær voru rétt að byrja,“ segir Einar en nú er tæpur hálfur mánuður frá kosningum. „Við gefum okkur bara þann tíma sem við þurfum, er ekki ágætt að miða við 7. júní?“ spyr Einar, en þá er fyrsti borgarstjórnarfundur á dagskrá. ■

Tímalausi töffarinn Taigo

Rúmgóður smábíll með frábæra aksturshæfni bæði til innanbæjaraksturs og á þjóðvegum landsins. — Verð 4.890.000 kr.

H HeKla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.volkswagen.is/taigo



Strætó óskar svara frá lögreglu

arnartomas@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Strætó mun leita svara hjá lögreglu í dag vegna afskipta af vagnferð norður í land fyrr í mánuðinum.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær varð vagnstjóri fyrir árás farþega við endastöð við Hof á Akureyri. Ferðafélagi árásmannsins hafði verið skilinn eftir á Blönduósi en lögregla hafði samband skömmu síðar þar sem óskað var eftir að vagninn biði eftir mannum, sem var skutlað um 60 kílómetra leið svo hann kæmist um borð í vagninn á ný.



Guðmundur Heiðar Helgason

Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur staðfest að málið sé til rannsóknar hjá embættinu.

Guðmundur Heiðar segir Strætó ekki hafa vísað málinu til nefndar um eftirlits með lögreglu.

„Við vorum ekki komin svo langt en við ætlum að senda fyrirspurn til lögreglu um málið,“ segir hann. „Okkur þótti þessi afskipti af okkur svo undarleg og þau vöktu auðvitað upp nokkrar spurningar.“ ■

Handverk eldri borgara



Þessa fallegu púða má finna á árlegri handverkssýningu eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi sem var opnuð í gær á Degi eldri borgara. Á sýningunni má sjá ýmsa muni sem unnir hafa verið í handavinnu af fólki á aldrinum 60 til 94 ára. Sýningin er til húsa í sal félagsaðstöðunnar á Skólalabraut 3-5 og stendur yfir fram á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Spáin er best á Norðurlandi en veður verður víða gott. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN.

Fyrirtaks ferðaveðri spáð um helgina

arnartomas@frettabladid.is

VEÐRIÐ Veðurspá helgarinnar er heldur góð og segir veðurfræðingur að allt stefni í fina ferðahelgi hjá landsmönnum.

„Það er svo góð spá um helgina á svo gott sem öllu landinu,“ segir Þorsteinn V. Jónsson veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Það er kannski helst hérna á vesturströndinni þar sem verður frekar skýjað en

aðrir landshlutar eru góðir og hlýir, sérstaklega norðurlandið.“

Þorsteinn segir að allt stefni í finustu ferðahelgi en þorir þó ekki að fullryða um hvort sumarið liti strax betur út en í fyrra.

„Það gefur þó góð fyrirheit að síðasta helgin í maí byrji svona með hlýindum og finu veðri,“ segir hann. „Við erum að spá allt að tuttuugu gráðum fyrir norðan svo þetta lofar góðu.“ ■

Enn mælt með að fólk sýni varúð erlendis vegna Covid

137 lönd í heiminum eru opin bólusettingu ferðamönnum án takmarkana vegna Covid-19. Enn er mælt með því á vef Embættis landlæknis að fólk sýni varúð vegna Covid-19 á ferðalögum erlendis og mælt er með að hafa gilt bólusetningavottorð með í ferðalagið.

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Enn er mælt með því á vef Embættis landlæknis að fólk sýni varúð vegna Covid-19 á ferðalögum erlendis. Mælt er með að fólk viðhaldi fjarlægð við ótengda einstaklinga, forðist fjölmenni eins og kostur er, en noti annars andlitsgrímur og gæti sérstaklega að handhreinun.

Þá er lagt til að ferðamenn kynni sér vel þær reglur sem gilda vegna Covid-19 í því landi sem ferðast er til, bæði á landamærum og innanlands. Samkvæmt ferðasiðunni kayak.ie eru 137 lönd í heiminum opin bólusettingu ferðamönnum án takmarkana vegna Covid-19.

Samkvæmt upplýsingum á síðunni, sem uppfærðar voru þann 25. maí síðastliðinn, eru þessi 137 lönd heimsins opin að öllu leyti fyrir ferðamenn sem eru bólusettir. 54 lönd eru opin fyrir ferðamenn sem sýnt geta fram á neikvætt Covid-próf. Í fimm löndum þurfa ferðamenn að fara í próf og sóttkví við komuna til landsins þrátt fyrir bólusetningu og 31 land er lokað ferðamönnum, aðeins ríkisborgurum og einstaklingum í sérstökum erindagjörðum er veitt innganga.

Þau fimm lönd sem fara fram á sóttkví og neikvætt Covid-próf eru Karíbahafseyjan Anguilla, eyjan Jersey í Ermarsundi, Liberia, Nýja-Sjáland og Rúanda. Meðal þeirra landa sem lokað eru ferðamönnum eru Kína, Hong Kong, Jemen og Sýrland.



Allar sóttvarnareglur vegna COVID-19 hafa verið felldar úr gildi á landamærum Íslands, óháð bólusetningarstöðu ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Bólusettir Íslendingar geta sem dæmi ferðast til Póllands, Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur án nokkurra takmarkana.

Erfiðara er fyrir ferðamenn sem ekki eru bólusettir gegn Covid-19 að ferðast til útlanda í kjölfar faraldursins. Samkvæmt Kayak eru þeim 52 lönd opin og 64 lokað. Þá þurfa óbólusettir ferðamenn að fara í sóttkví og Covid-próf í 33 löndum heimsins.

Riflega helmingur Íslendinga hefur áform um að fara í utanlandsferð í ár samkvæmt könnun unninni af Gallup fyrir Ferðamálastofu. Um þriðjungur ætlar í sólarlandaferð eða borgarferð. Bólusetningarvottorð hér á landi gilda í níu mánuði frá

seinni skammti grunnbólusetningar hjá einstaklingum 16 ára og eldri. Ef lengra er liðið er vottorðið ekki gilt en örvunarskammtur endurnýjar gildistímamann.

Fari fólk í örvunarskammt áður en níu mánuði eru liðnir frá grunnbólusetningu endurnýjast vottorðið strax en sé lengri tími liðinn verður vottorðið gilt tveimur vikum eftir örvunarskammt.

Bólusettir ferðamenn sem ferðast frá Íslandi til Spánar, þar með talið til Tenerife, þurfa að sýna bólusetningarvottorð við komuna til landsins. Grímuskylda er í almenningsamgöngum á Spáni.

Bólusettir Íslendingar geta sem dæmi ferðast til Póllands, Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur án nokkurra takmarkana. Mælt er með því að ferðamenn hafi með sér bólusetningarvottorð til vonar og vara á ferðalögum sínum.

Listi yfir reglur og tilmæli vegna ferðalaga erlendis má meðal annars finna á vef Kayak og á vef utanríkisráðuneytisins. ■

Laugardaga kl. 10.00



www.hotelbokanir.is/lifd-er-lag-hladvarp og á Spotify

Sigurður K. Kolbeinsson ræðir við ýmsa þekktu og óþekktu Íslendinga um lífið og tilveruna og sagðar eru skemmtilega sögur og frásagnir aftur í tímann sem mörgum kunna að þykja skemmilegar.

Sigríður Snævarr er næsti gestur hlaðvarpsins.





NÝR TOYOTA AYGO X

BLÁBER

Aygo X þræðir götur þéttbýlis lipurlega og tekst leikandi á við þjóðvegi landsins. Njóttu ævintýrana. Reynsluaktu glænýjum **Aygo X**.

SÝNING LAUGARDAGINN
28. MAÍ KL. 12–16



TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Bylting fyrir framhaldsskólanema með sérstakar námsþarfir

thorvaldur@frettabladid.is

MENNTUN Stuðningsbankinn er ný vefsíða ætluð til að veita nemendum með sértæka námsörðugleika upplýsingar um úrræði, aðgengi og þjónustu í framhaldsskólum landsins.

Samband íslenskra framhaldsskóla opnaði vefinn, en innritun í framhaldsskóla er nú í fullum gangi. Vonir standa til að síðan muni gjör-

bylta aðgengi og þjónustu fyrir framhaldsskólanema.

„Á síðunni er skólunum gefin einkunn í mismunandi flokkum sem tengist þjónustu og aðgengi við nemendur með sérþarfir. Skólarnir eru margir farnir að bregðast við til að reyna að bæta þá einkunn, þannig er þetta ekki einungis upplýsingaveita heldur einnig þrýstiafl á skólana að bæta sig á þessum



Rýnihópur SÍF að störfum.

MYND/LEIFUR WILBERG ORRASON

sviðum. Ég myndi vilja sjá minn framhaldsskóla á toppnum á þessum lista,” segir Sigvaldi Sigurðarson, verkefnastjóri SÍF.

„Það er svo mikilvægt að þessar upplýsingar séu uppi á borðum og fólk viti að hverju það gengur. Það er ekki nóg að ætla að bregðast við einungis þegar eða ef einhver nemandi með fötlun skráir sig í skólann,” segir Sigvaldi.

Mikil áhersla er lögð á að hafa vefsvæðið aðgengilegt á auðlesnu máli. Á síðunni er vefþula sem getur lesið texta með íslenski rödd, auk þess sem boðið er upp á lesblinduletur.

„Verkefnið er einstakt því það er unnið af nemendum, fyrir nemendum. Öll vefsíðan er uppsett eftir ýtarlegri þarfagreiningu nemenda, tugi rýnihópaviðtala, funda, ásamt notendapröfunum,” segir Sigvaldi. ■



Heilsugæslan á Akureyri

Fleiri heimsóknir á heilsugæsluna

ragnarjon@frettabladid.is

HEILSA Um 326 þúsund manns eða 88% allra landsmanna nýttu sér þjónustu heilsugæslunnar árið 2021. Þetta kemur fram í nýjasta Talnabrunni Embættis landlæknis, en það er um 4% aukning frá árinu 2020. Þetta bendir til að jafnvægi sé að myndast í heimsóknum eftir heimsfaraldur Covid-19.

244 þúsund einstaklingar áttu viðtal við lækni árið 2021 en í kringum 65% allra landsmanna áttu símasamskipti við heilsugæsluna árið 2021. Helmingur allra landsmanna stundaði rafræn samskipti sem bendir til breyttra samskiptahátta við heilbrigðisgeirann. ■

Lyfja dýrust þrátt fyrir verðlækkun

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Verðlækkun á lyfjum stafar af því að verð í Lyfju hefur lækkað um 6,2 prósent á síðasta hálfu ári. Verð hefur hækkað um 0,9 prósent í Lyfjaveri og um 4,8 prósent í Garðs Apóteki,

Þrátt fyrir mikla verðlækkun er verðið enn hæst í Lyfju. Lítil munur mælist á Lyfjaveri og Garðs Apóteki. sem er í eigu Lyfja og heilsu..

Könnunin var gerð hjá þeim þremur lyfsölum sem eru með netverslun. Kannað var verð lausasölu-lyfja og annarra vara sem fengust hjá þeim öllum. ■

Fá áttakamál á dagskrá við þinglokin

Ætluð þinglok eru eftir tvær vikur en gætu tafist um nokkra daga. Um sjöttíu stjórnarfrumvörp biða afgreiðslu. Þingveturinn hefur farið fyrir lítið, að mati þingmanns í stjórnarandstöðu.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Aðeins sex þingfundadagar eru eftir á yfirstandandi þingi samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Gert er ráð fyrir þingfrestun 10. júní.

„Starfsáætlunin er enn í gildi en það eru eru líkur fyrir því núna að þingið lengist að minnsta kosti um einhverja daga,” segir Birgir Ármannsson forseti Alþingis. Hann segir þó ótímabært að segja til um hve lengi þingstörf muni teygjast inn í júní.

Um sjöttíu stjórnarfrumvörp eru til meðferðar eða biða umræðu í þinginu. Fimm tíu þeirra eru til meðferðar í nefndum þingsins.

Þeirra á meðal eru stór frumvörp um fjarskipti, loftferðir, leigubílaakstur, auk breytinga á sóttvarnalögum og starfskjaralögum. Þá eru mál til meðferðar sem vakið hafa mikla athygli eins og fraumvarp um bætt réttarstöðu brotaþola, um sorgarleyfi og breytingar á útlendingalögum. Rammaáætlun er einnig til meðferðar í þingnefnd.

Aðspurður segist Birgir ekki telja ágreining verða um mörg mál í kringum þinglokin, þótt enn eigi eftir að reyna á það í ýmsum tilvikum. „Ég hugsa að það hafi oft verið fleiri áttakamál en nú og ég sé ekki mörg mál þar sem greina má einhvern stórpólitískan ágreining,” segir Birgir.

Helga Vala Helgadóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, tekur í sjálfvort sér undir þetta, en segir athyglisvert nú að sá ágreiningur sem fyrir hendi er um mál í þinginu sé ekki síður milli stjórnarflokkanna sjálfrá, í ýmsum málum. Það kunnir að skýrast af því hve þétt formenn-



Birgir Ármannsson sér fram á fremur áttakalítil þinglok í samanburði við fyrri ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þessi þingvetur er bara ónýtur.



Helga Vala Helgadóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar

irnir héldu á spilum þegar ríkisstjórnin var mynduð.

Aðspurður segir Birgir ekki hafa verið gengið frá neinum forgangslistum um þingmál frá ráðherrum en áhersla hafi að undanförunni verið lögð á að koma málum til nefnda.

„Við í stjórnarandstöðunni höfum

Þing kallað úr sumarfrí vegna úttektar um bankasölu

Ekki liggur fyrir hvenær Ríkisendurskoðun lýkur úttekt sinni um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka.

„Við eigum von á að þessi niðurstaða komi fyrir júnílok. Það hefur verið rætt að ef þinginu verði lokið þegar niðurstaðan kemur, verði þing kallað saman ef þörf krefur. En væntanlega myndi fyrsta umferð á skoðun málsins fara fram á vettvangi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar eða annarra þingnefnda,” segir Birgir.

Helga Vala segist hafa gert þá kröfu að þing yrði kallað saman af þessu tilefni og við því hafi verið orðið.

kallað eftir því að fá einhverja forgangsröðun frá ráðherrunum af því að á meðan við höfum hana ekki þá eru nefndirnar að vinna bara smá í öllum málum og engin vel. Og það er alveg óbodlegt,” segir Helga Vala Helgadóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

Hún segir mörg mál hafa komið of seint inn og tekur sem dæmi bæði útlendingalögin og frumvarp um réttarstöðu þolenda, sem dóms-

málaráðherra mælti fyrir í síðustu viku. Þegar mál komi svona seint inn sé ógerningur að vinna þau vel í nefndum þingsins.

Hún segir tímasetningu kosninga að hausti og þann langa tíma sem það tók ríkisstjórnina að koma sér saman, hafa valdið miklum töfum. „Þetta veldur því eiginlega að þessi þingvetur er bara ónýtur. Það er eiginlega voðalega lítið að koma út úr þessum vetri,” segir hún. ■





Rósinkar Snævar Ólafsson
Vélvirki í Reykjanesbæ
Bakvörður frá upphafi



Drjástíu þúsund þakkir til Bakvarða

Nýlega buðum við 30 þúsundasta Bakvörðinn velkominn í hópinn. Af því tilefni fórum við vítt og breitt um landið til að þakka fyrir stuðninginn. Hver einasti Bakvörður björgunarsveitanna skiptir miklu máli og við erum auðmjúk, þakklát og umfram allt stolt af ykkur öllum.

Við sendum þúsund þakkir til Bakvarða sem standa með okkur í hverjum mánuði. Þið vitið hver þið eruð.

Sjáðu svipmyndir frá ferðalaginu okkar á landsbjorg.is

Eina kjötið sinnar tegundar á Íslandi

Kjötið er látið hanga á beini í sérhönnuðum kæli í 4 til 6 vikur við 2-4°C. Þessi aðferð gerir það að verkum að það nær einstakri meyrnun og bragðgæðum. Hægmeyrnað er „dry aged“ á frummálinu en ekkert annað kjöt á Íslandi er unnið á þennan hátt í neytendapakkingar. Þetta er eitthvað sem sannir sælkerar og áhugafólk um kjöt má ekki láta framhjá sér fara.



✦ SÉRVALIÐ ✦

Hægmeyrnað ungnauta ribeye

6.999 kr/kg

Meira grill og góðgæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 29. maí



20% afsláttur

KJARNAFÆÐI

Grísahnakkasneiðar Hvítlaukspipar

1.999 kr/kg

Verð áður 2.499



THE ISLANDS NAUT

Smash style hamborgarar 2 x 140 g

689 kr/pk

Verð áður 759



20% afsláttur

100% Hrein afurð

HOLLA

Kjúklingabringur

Verð áður 2.849

2.279 kr/kg



Nýtt

Galler belgískt sælkera súkkulaði

299 kr/stk



Nýtt

Abe's vegan muffins

verð frá 499 kr/pk



20% afsláttur

20% afsláttur af öllum Now vítamínum



Úkraínskir hermenn á vígstöðvunum í Donbass fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rússar með undirtök í Austur-Úkraínu

georg@frettabladid

ÚKRAÍNA Yfirvöld í Úkraínu viðurkenna að innrásarlið Rússa hafi náð undirtökunum í átökunum sem nú geisa í austurhluta landsins. Úkraínskt herlið hefur í sumum tilfellum neyðst til að hörfa frá vígstöðvum í Donbas héraðinu. Þá hefur rússneskt herlið sömuleiðis náð stjórn yfir mestum hluta Luhansk-héraðs. Á blaðamannafundi í gær viðurkenndi úkraínski hershöfðinginn, Olexsej Gromov, að Rússar hefðu náð undirtökunum í átökunum í Luhansk.

Fréttamiðillinn The Guardian hefur eftir ríkisstjóra Luhansk-héraðs, Serij Haidai, að Úkraínnumenn stjórni nú aðeins fimm prósentum héraðsins. Fyrir viku síðan hafi Úkraínnumenn stýrt tíu prósentum þess.

Rússneskt herlið sækir nú fast að borgunum Lyman og Sievierodonetsk, en þeir eru við það að umlykja borgirnar og úkraínskt varnarlið sem er staðsett þar. Eftir að hafa hörfað frá Kænugarði hafa Rússar einbeitt sér að því að ná yfirráðum yfir austurhluta landsins. Takist þeim að ná þessum svæðum er talið að Pútín



Talið er að Pútín geti lýst yfir sigri takist Rússum að ná austurhlutanum á vald sitt.

geti lýst yfir sigri og bundið enda á átökin, sem nú hafa geisað í rúma þrjú mánuði.

Úkraínski herinn hefur undanfarnar vikur mátt þola mikið mannfali á þessu svæði. Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, sagði fyrir skömmu að fimmtíu til hundrað úkraínskir hermenn létu nú lífið í átökunum á degi hverjum.

Selenskíj kallaði eftir meiri stuðningi vestrænna ríkja í vikunni og gagnrýndi tillögur um friðarviðræður sem fælu í sér að Úkraína gæfi eftir landsvæði. Ummælin koma í kjölfar þess að Henry Kissinger, fyrrum ráðgjafi Bandaríkjaforsetans Richard Nixons, lagði til að Úkraína létu landsvæði í austurhluta landsins afhendi í friðarviðræðum við Rússa. ■



Geir Hallgrímsson og Gunnar Thoroddsen hafa setið lengst allra í stóli borgarstjóra Reykjavíkur og samanlögð borgarstjóratið þeirra spannar aldarfjórðung. Oft andaði þó köldu milli þeirra og talað var um Geirs- og Gunnarsarmana í Sjálfstæðisflokknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þaulsætnustu borgarstjórar í sögu Reykjavíkurborgar

Nú eru meirihlutaviðræður formlega hafnar milli Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Framsóknar í Reykjavík. Ekki virðist mikill ágreiningur um málefni milli flokka, en nokkur spenna er um borgarstjórastólinn.

olafur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson er í dag fimmti þaulsætnasti borgarstjóri Reykjavíkur og hefur samtals setið í stólnum í rúm átta ár.

Verði hann borgarstjóri áfram fer hann upp í 3. sæti yfir þaulsætnustu borgarstjóra Reykjavíkur frá upphafi og skákar Davíð Oddssyni, sem var borgarstjóri í níu ár, einn mánuð og nítján daga á árunum 1982 til 1991, úr því sæti.

Ef miðað er við samfellda setu í stóli borgarstjóra verður það 24. júlí næsta ár sem Dagur skákar Davíð úr 3. sætinu, en Dagur sat í rúma þrjú mánuði sem borgarstjóri frá október 2007 fram í janúar 2008.

Í 4. sætinu situr Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem var borgarstjóri í átta ár, sjö mánuði og nítján daga á árunum 1994 til 2003.

Þaulsætnasti borgarstjóri Reykjavíkur frá upphafi er Gunnar Thoroddsen, sem var borgarstjóri frá því í febrúar 1947 og fram í október 1960, eða í þrettán ár, átta mánuði og tvo daga.

Gunnar tók raunar við embætti fjármálaráðherra í Viðreisnarstjórninni 19. nóvember 1959 og fór í leyfi sem borgarstjóri og lét ekki formlega af embætti fyrr en í október 1960. Hann náði því í raun ekki þrettán árum.

Sá sem í raun hefur setið lengst er Geir Hallgrímsson, sem sat í stólnum frá því í nóvember 1959 til 1. desember 1972. Þegar Geir lét af embætti var hann orðinn þingmaður Reykvíkinga.

Davíð Oddsson, sem sat í rúm níu ár, 1982 til 1991, hefur sérstöðu meðal reykvískra borgarstjóra. Í tvo og hálfan mánuð, 30. apríl til 16. júlí 1991, gegndi hann embætti borgarstjóra, ásamt því að vera forsætisráðherra lýðveldisins. Enginn annar Íslendingur hefur leikið það eftir.

Segja má að Davíð hafi farið að dæmi Frakka, en rík hefið er fyrir því þar í landi að forsætisráðherra gegni jafnframt embætti borgarstjóra. Jac-



Davíð Oddsson sat í rúm níu ár sem borgarstjóri og var forsætisráðherra síðustu vikur borgarstjóraferilsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Dagur B. Eggertsson getur á næsta ári orðið þriðji þaulsætnasti borgarstjóri sögunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er eina konan sem kemst á topp fimm listann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Þaulsætnastur var Gunnar Thoroddsen sem gegndi embættinu í þrettán ár.

ques Chirac, sem síðar varð forseti Frakklands, var til dæmis borgarstjóri Parísar þegar hann gegndi embætti forsætisráðherra, fyrst í forsetatið Valery Giscard d'Estaing á 8. áratug síðustu aldar og aftur í forsetatið Francois Mitterand á 9. áratugnum. Þegar hann var kosinn forseti Frakklands, 1995, lét hann af embætti borgarstjóra.

Davíð gerði atlögu að því að feta á ný í fótspor Chirac þegar hann bauð sig fram til forseta 2016 en hafði ekki erindi sem erfiði.

Á næstu dögum kemur í ljós hvort Dagur nær þriðja sætinu. ■

Sölufélag
garðyrkjumanna

Íslenskt
grænmeti

*Þú veist
hvaðan það
kemur*

islenskt.is

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Škoda Kodíaq

Vinsæli ferðafélaginn!



ŠKODA

Eigum nokkra lausa bíla á lager!






Škoda Kodíaq er sneisafullur af staðalbúnaði og hefur slegið rækilega í gegn fyrir aksturseiginleika, tækni og snjalla hönnun. Með **2,5 tonna dráttargetu** nýtur þú þess að ferðast um landið á fjórhjóladrifnum Kodíaq og endurnýja tengslin við það mikilvægasta í lífinu. Komdu í reynsluakstur og finndu hvað gerir Kodíaq að afburðargóðum kosti. Hlökkum til að sjá þig.

Škoda Kodíaq 4x4 2.0 / Dísil / Sjálfskiptur

Staðalbúnaður: Bakkmyndavél, stöðugleikastýring, hraðastillir, rafmagnsopnun á afturhlera, nálgunarvarar, LED ljósabúnaður, brekkuaðstoð og fleira.

Verð frá **7.590.000 kr.**

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á www.hekla.is/skodasalur

Fylgdu okkur @skoda   



Laugavegi 174, 105 Rvk. → Sími 590 5000 → www.hekla.is
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílás Akranes → Bílakjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum



Í sama flokki



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is


Eðlilegt er að litlir stjórnmálaflakkar reyni að skapa sér sérstöðu þannig að kjósendur taki ekki upp á því að villast á þeim og öðrum flokkum. Einn af litlu flokkunum er Viðreisn, sem í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum rétt slapp inn í borgarstjórn, en meirihlutinn féll þó. Fyrstu viðbrögð forystu Viðreisnar við úrslitunum voru í ætt við ákafan aðskilnaðarkvíða og hún tilkynnti að flokkurinn væri í staðföstu bandalagi með öðrum flokkum í hinum fallna meirihluta. Síðan var eins og forystan áttaði sig á því að kannski gæti flokkurinn átt tilveru rétt í borginni án Dags B. Eggertssonar og þá var sagt að þetta bandalagi ætti að vara í einhverja daga en þá yrði hugsanlega farið að horfa í aðrar áttir. Þau orð voru fljótlega tekin aftur. Svo virtist Viðreisn skyndilega fá þá hugdettu að flokkurinn hefði unnið kosningasigur og þá var talað eins og það væri hlutverk Viðreisnar að bjóða Framsóknarflokknum til viðræðna um meirihlutasamstarf. Skiljanlega klóruðu ýmsir sér í kollinum yfir þeirri kokhraustu hugmynd.

Nú er Viðreisn föst þar sem hún kann best við sig – í námunda við Samfylkinguna. Það er ekki skrítið því enginn sérstakur munur er á þessum flokkum. Hollusta Viðreisnar í garð Dags B. Eggertssonar minnir meira að segja á aðdáun Samfylkingarfólks á borgarstjóranum. Dagur hefur vissulega margt sér til ágætis. Hann var farsæll borgarstjóri og verður vonandi í allra nánustu framtíð formaður Samfylkingarinnar. Enginn yrði betri í því hlutverki. Ætli Samfylkingin sér stóra hluti í framtíðinni þarf hún mann eins og Dag til forystu. Sjálfskipaðar vonarstjórnur innan þingflokks Samfylkingar verða að kyngja þeirri staðreynd.

Samfylkingin gæti átt bjarta tíma fram undan haldi hún rétt á spilunum. Hlutverk Viðreisnar í íslenskum stjórnmálum er hins vegar orðið óljóst. Helstu stefnumál þessa litla flokks eru stefnumál Samfylkingarinnar, samanber Evrópumál og sjávarútvegsmál. Það er því ekki skrítið að Viðreisn skuli nú leita í fadn Samfylkingarinnar. Kannski ætti Viðreisn að sýna djörfung og dug, ganga hughraust alla leið og sameinast Samfylkingunni. Viðreisn kæmi inn í Samfylkinguna með nokkurn veginn sömu áherslur og þar eru fyrir, en viðbótin væri vottur af nettri og ljúfri hægristefnu, sem þarf líka að finnast í stórum jafnaðarmannaflokki.

Verri sameiningar en þessi hafa vissulega átt sér stað í íslenskum stjórnmálum. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arnartomas@frettabladid.is

Bless, bless

Það var tregablandin stemning á Facebook-síðu Eypórs Arnalds í vikunni þar sem hann kvaddi borgarstjórn Reykjavíkur með örljóði. Þar hafði fyrrverandi rokkstirnir og oddvitinn orð á því að sum væru södd og sum hunguð en að borgin væri fögur og nóttin ung. Ljóstúfurinn um misrétti heimsins var svo myndskreyttur af Eypóri og fyrrum starfsbróður hans í Samfylkingunni á trúón í einhverju kokteilbóði. Þótt færslan hafi verið með eindæmum furðuleg var hún merkilega mennsk, sem er eitthvað sem var sárlega ábótavant í nýyfyrir- staðinni kosningabaráttu Sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Rífast bæði og djamma

Blásið var til þingveislu fyrir ráðherra og alþingismenn í vikunni, þeirrar fyrstu síðan heimsfaraldurinn skall á. Dæmi eru um að slíkar veislur hafi endað með ósköpum. Áður fyrr hefur kynferðisleg áreitni grassað og kjörnir fulltrúar sagt af sér í kjölfarið en nú skyggði ekkert á gleðina. Þá skiptir engu þótt menn hafi rifist opinberlega svo gott sem sama dag og veislan fór fram. Stéttin er ólík öðrum að því leyti að hún getur hæglega rifist á daginn og djammað saman á kvöldin. ■

Sorgarleyfi vegna barnsmissis



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félags- og vinnu-
markaðsráðherra

Það er löngu tímabært að löggjafinn tryggi fjölskyldum leyfi frá störfum og svigrúm til úrvinnslu á sorg sinni í kjölfar barnsmissis. Í apríl mælti ég fyrir frumvarpi á Alþingi um sorgarleyfi foreldra sem missa barn.

Rétturinn til sorgarleyfis verður sex mánuðir og greiðslur nema 80% af meðaltali heildarlauna, þó að hámarki 600.000 kr. á mánuði. Fólk utan vinnu- markaðar eða sem er í minna en 25% starfi fær sorgarstyrk, þar á meðal námsmenn. Einnig er gert ráð fyrir að foreldrar geti nýtt rétt sinn til sorgarleyfis samhliða minnkuðu starfshlutfalli yfir lengra tímabil. Sorgarleyfi nær einnig til andvana fæðinga eftir 22. viku meðgöngu og er þá þrjár mánuðir og til fósturláts eftir 18. viku og er þá tveir mánuðir. Í frumvarpinu er hugtakið foreldri skilgreint rýmra en í gildandi löggjöf hér á landi og geta því fleiri en tveir einstaklingar átt rétt á sorgarleyfi og um er að ræða sjálfstæðan rétt hvers foreldris.

Mikilvægi þess að huga vel að stuðningi við börn og barnafjölskyldur í kjölfar andláts barns verður seint ofmetið, en hér er líka um mikið framfaraskref á vinnu- markaði að ræða. Mestu máli skiptir auðvitað að foreldrar fái svigrúm til að vinna úr sorg sinni og styðja við eftirlifandi systkini, en með sorgarleyfi og greiðslum því tengdum má auka líkur á að viðkomandi eigi farsæla endurkomu á vinnu- markað og taki virkari þátt í samfélaginu að nýju eftir barnsmissi.

Sorgarleyfi þekkjast ekki víða, en þó til dæmis í Danmörku og Bretlandi. Verði frumvarpið samþykkt mun Ísland skipa sér fremst á meðal jafningja hvað varðar réttindi tengd sorgarleyfi, en foreldrahugtakið er víðtækara og sveigjanleiki til atvinnu- þátttöku samhliða leyfi rýmri en annars staðar þar sem sorgarleyfi eru í löggjöf.

Ég vona svo sannarlega að við alþingismenn gerum frumvarpið að lögum fyrir sumarið. ■

”
Hlutverk Viðreisnar í íslenskum stjórnmálum er hins vegar orðið óljóst.



- Útlit eins og timburgluggar
- Henta mjög vel í gluggaskipti!
- Þarf ekki að skrapa og mála eins og timburglugga!

GÆÐA VEKA PLASTGLUGGAR

Gott verð og stuttur afhendingartími!



Gluggasmiðjan

...Ekki bara gluggar

Steinhella 17a / 221 Hafnarfjörður / s. 577 5050 / www.gluggasmiðjan.is

ESB hugsar um sitt fólk

Í dag



Karl Th. Birgisson

Mér virðist sem Evrópusambandið láti sér umhugaðra um velferð og heilsu þegna sinna upp á síðkastið en oft áður.

Þetta merki ég af þeim fjölda bréfa sem ég hef fengið frá framkvæmdastjórninni síðustu mánuði. Þau eru öll á frönsku með þerunum og alles, og ég verð alltaf verulega imponeraður þegar svo virðuleg umslög birtast í póstkassanum mínum.

En hvernig bréf eru þetta?

Skoðum dæmi

„Kæri þegn.

Okkur hefur borizt til eyrna að þér hafið leigt bíl í janúar. Það sem meira er, við höfum fengið staðfest að þér hafið reykt í bílnum. Það er á milli yðar og fyrirtækisins, en við viljum nota tækifærið til að minna á að reykingar drepa og valda getuleysi, þó ekki endilega í þeirri röð.

Hitt er alvarlegra, að upptökur úr myndavélum sanna að þér hafið hent stubbum út um gluggann.

Þetta telst meiri háttar brot á stubbareglugerð nr. 1213/05, þar sem segir skýrum stófum: „Leifum af reyktanlegum sívalningum skal koma fyrir á öruggum stað, svo að hvorki valdi fólk né umhverfi skaða.“

Evrópa er ekki öskubakki

Hins vegar eru vísbendingar um að þetta kunni að vera fyrsta brot yðar. Okkur þykir það ekki sennilegt, en framkvæmdastjórnin vill láta alla njóta vafans – líka yður. Næst verður hins vegar engin miskunn hjá Michelle.

Að því sögðu er nauðsynlegt að áréttu, að ofangreindri reglugerð má alls ekki rugla saman við Stubba-reglugerð nr. 4598/08, sem gildir um sjónvarpsefni. Báðar reglugerðir hafa þó keimlík, og næstum sömu markmið.“

Ég hló þegar ég opnaði næsta bréf. Það hljómaði eins og gamall brandari. Ég hélt fyrst að Vigdís Hauksdóttir væri að stríða mér, en held að hún sé ekki svona góð í frönsku – nema Brynjar hafi kennt henni hana á Bifröst eins og margt annað.

En framkvæmdastjórnin var ekkert að djóka:

„Kæri þegn.

Við höfum fengið staðfest að þér hafið miðvikudaginn 3.11.2021 snætt banana, sem stentz ekki kröfur um útlit og bragð. Því biðjum við yður nú að finna viðkomandi bananahýði með



Ég fann spreibrúsa og réðst til atlögu við runna hér fyrir utan. Auðvitað kom lög-reglan.

viðeigandi strikamerki, setja í lofttæmdar umbúðir og umslag, og senda til:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

Belgiu merkt „Bananar.“

Sé strikamerkið týnt má notast við merki af sítrónu eða papaya – mestu skiptir að það sé af ávexti.“

Það er rétt, að bananar héðan úr sveitinni eru minni, þykkari og bragðbetri en drjólarnir sem fást í Bónus. Bændurnir eru hins vegar litíð að vinna með strikamerki. Þeir selja eftir vigt.

Ég fór búð úr búð í leit að strikamerki, en árangurslaust. Loks fór ég í ruslagáminn, fann hæfilega

gamalt bananahýði, fann svo tóma fernu undan ananassafa, klippti strikamerkið af henni, límdi kyrfilega á hýðið, gekk frá öllu saman eftir fyrir mælum og sendi.

Skömmu síðar kom frekar hastarlegt bréf:

„Kæri þegn.

Þér valdið framkvæmdastjórninni djúpstæðum vonbrigðum. Þér gerið yður vonandi grein fyrir því að við getum ekki látið strikamerkjalaus bananahýði þvælast um álfuna eftirlitslaust.

Því er nú lagt fyrir yður að bæta úr vanrækslu yðar umsvifalaust. Að öðrum kosti er óhjákvæmilegt að grípa til miður skemmtilegra ráðstafana gagnvart yður.“

Ég hef ekki svarað ennþá. Held niðri í mér andanum, en ber þá von í brjósti að í Belgíu séu sirka fjórtán byggingar merktar „Ókláruð mál.“ Samvizkubitið nagar mig inn að beini.

Eitt bréf enn, sem kom mest á óvart:

„Kæri þegn.

Rannsóknir staðfesta að of dökk

tré og runnar draga að sér áður óþekkt skordýr, sem geta borið með sér veirur, svokallaðar grænveirur, sem eru hættulegar mönnum.

Því biðjum við yður nú að benda framkvæmdastjórninni á svæði þar sem óeðlilega mikið er af of grænum trjágróðri, en einnig að grípa til ráðstafana í nágrenni yðar til að hamlu útbreiðslu hans.“

Hér brást ég hart við. Um miðja síðustu öld tóku einhver trjáræktarfrikin upp á því að planta barrtrjám í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Ég lýsti þessu róthneykslaður fyrir framkvæmdastjórninni og bætti við, að einhver hefði líkt þessum hryðjuverkum við „skegg á konu.“

En ég gerði líka mitt heima við. Svo vildi til að ég átti bleikingarefni í þvottahúsinu. Ég fann spreibrúsa og réðst til atlögu við runna hér fyrir utan. Auðvitað kom lög-reglan.

Ég sagðist vinna í umboði framkvæmdastjórnarinnar, og það var sama hversu hátt þeir hringdu upp virðingartígann í löggunni – enginn fann lagabókstaf um að bannað væri að sprauta bleikingarefni á runna.

Enda er allt annað að sjá þá. ■



Þau eru öll á frönsku með þerunum og alles, og ég verð alltaf verulega imponeraður þegar svo virðuleg umslög birtast í póstkassanum mínum.



ÍPRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 19.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða ípróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótnum.



HRINGBRAUT

Merkisatburðir

1746 Sett er tilskipun um húsveitjanir og skulu prestar húsveitja minnst tvisvar á ári.

1857 Settar eru reglur um að danskir embættismenn verði að standast íslenskupróf til að fá stöður á Íslandi.

1962 Sveitarstjórnarkosningar á Íslandi.

1981 Fjórir menn farast í flugslysi á Holtavörðuhéiði og finnast flak vélarinnar ekki fyrr en 10. júní þrátt fyrir mikla leit.

1982 Davíð Oddsson tekur við starfi borgarstjóra í Reykjavík af Agli Skúla Ingibergssyni.

1982 Falklandseyjastríðið: Orrustan um Goose Green hefst.



1983 Hús verslunarinnar í Reykjavík er tekið í notkun.

1991 Landsbankinn yfirtekur rekstur Samvinnubankans.

2006 Sveitarstjórnarkosningar eru haldnar á Íslandi.

2006 Jarðskjálfti af stærðargráðunni 6,3 á Richter verður á eyjunni Jövu í Indónesíu. Yfir 6.000 manns farast, 36 þúsund slasast og um ein og hálf milljón manns missir heimili sitt.



Hátíðin stendur yfir til 15. júní.

Hafsjór á Eyrarbakka

arnartomas@frettabladid.is

Alþjóðlega listahátíðin Hafsjór - Oceanus stendur yfir á Eyrarbakka um þessar mundir. Hátíðin er samstarfsverkefni Byggðasafns Árnesinga og Ástu Vilhelminu Guðmundsdóttur myndlistarkonu, sem er jafnframt sýningarstjóri hátíðarinnar.

Listafólkið á hátíðinni kemur frá öllum heimshornum: Suður-Kóreu, Máníus, Póllandi, Litháen, Nepal, Ítalíu, Indlandi, Þýskalandi, Spáni, Frakklandi, Japan og Íslandi. Á meðan á hátíðinni stendur munu þau gera verk sín í skúrum og öðrum rýmum í þorpinu og er lagt upp með að þau sækji innblástur úr samfélaginu til að efla listsköpun á svæðinu, mynda tengsl við aðra menningarheima og fá sýn annarra á samfélagið hér við sjávarsíðuna.

Hátíðin stendur yfir til 15. júní. ■



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Björn Björnsson

Lágseylu 25, Njarðvík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, fimmtudaginn 19. maí.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 30. maí klukkan 13.

Steinunn Ása Björnsdóttir
Björn Björnsson
Sigríður Björnsdóttir
Magnús Sigurður Björnsson
Salbjörg Björnsdóttir
Stefanía Helga Björnsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.

Gunnar Magnússon
Pórdís Kristinsdóttir
Þorsteinn Valur Baldvins.
Bryndís Skúladóttir
Jón Snævar Jónsson
Arnbjörn Arnbjörnsson



Reynir og Jeronimo kynntust í Granada og náðu fljótt vel saman.
MYND/ABSEND

Vatnsenda-Rósa í Flamenco-kjól

Spænsk-íslenskur Flamenco dúett deildi nýlega nýrri útfærslu á Vísu Vatnsenda-Rósu á samfélagsmiðlum. Nú er förlinni heitið til Íslands.

arnartomas@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Reynir Hauksson hefur búið á Spáni undanfarin ár þar sem hann hefur spreytt sig á Flamenco-tónlist. Reynir deildi á dögunum myndbandi á samfélagsmiðlum þar sem hann spilar Vísu Vatnsenda-Rósu ásamt gítarleikaranum Jeronimo Maya.

„Ég flutti til Madrídarár í september til að spila með Flamenco gítarleikaranum Jeronimo Maya,“ segir Reynir, sem lofar samleikara sinn í hástert. „Jeronimo er einn af allra fremstu gítarleikurum samtímans og honum voru veitt mikilvæg tónlistarverðlaun hér í Madríd vegna framlags hans til tónlistarinnar.“

Jeronimo, sem er undrabarn á gítarnum, hefur starfað sem gítarleikari frá 10 ára aldri. Þeir Reynir kynntust fyrir nokkrum árum þegar Reynir bjó í Granada. „Það var sameiginlegur vinur sem kynnti okkur og við urðum fljótlega góðir vinir. Jeronimo tók mig svo að sér sem sinn eina lærling í Flamenco-gítarleik,“ segir Reynir og bætir við að faraldurinn hafi tafið verkefnið um tvö ár.

Þegar þeir félagar hófu að þróa verkefnið fundu þeir að það kom mjög náttúrulega fram að blanda saman íslenska tónlistararfinum við Flamenco og að



Með í för á tónleikaferðalaginu á Íslandi verða flamenco-dansari og -söngvari.

sameina menningarheimana tvo í nýjan hljóðheim.

En *hvernig kom Vatnsenda-Rósa inn í þetta?*

„Vísu Vatnsenda-Rósu henta vel í Flamenco því laglínan er svo grípandi,“ útskýrir Reynir, sem segir alla á Spáni fá lagið umsvifalaust á heilann. „Ég spilaði fyrst vísurnar fyrir Jeronimo og hann varð mjög hrifinn og fannst lagið kunnuglegt. Við gerðum okkar útsetningu á laginu og fengum með okkur bassaleikara og slagverksleikara í hljóðver. Það sama var uppi á teningnum þar en menn gripu lagið strax, þessi laglína er algjört heilalím. Lagið er einhvern veginn samið svo vel að það rennur inn í alla stíla. Íslendingar mega vera stoltir af þessu lagi.“

Spænsk-íslenska Flamenco-dúóið er nú á leið til Íslands þar sem þeir Reynir og Jeronimo munu leggja land undir fót. Með þeim í för verða Flamenco-dansarinn Daniel Caballero og söngvarinn Miguel Jimenez.

„Við spilum 1. júní í Máli og menningu í miðbænum, 2. júní í heimabæ mínum á Hvanneyri og svo 3. og 4. júní í Tjarnarbió. Við verðum svo með Flamenco dansnámskeið í Dansverkstæðinu 3.-4. júní,“ segir Reynir. „Strákarnir eru að koma til Íslands í fyrsta skipti og við hlökkum mikið til. Þeir fara svo heim til Spánar að tónleikaferðinni lokinni en ég verð á Íslandi að minnsta kosti út sumarið spílandi hér og þar með hinum og þessum. Við erum heppin að á Íslandi er svona ríkt tónlistarlíf.“

Þetta gerðist: 27. maí 1937

Golden Gate brúin opnuð

Golden Gate brúin í San Fransisco er eitt þekktasta mannvirki heims. Hún liggur yfir Golden Gate sundið á milli San Fransisco-flóa og Kyrrahafsins, sem er þekkt fyrir mikla dýpt og kröftuga hafstrauma.

Fyrir tíma brúarinnar var stysta leiðin til Marin-sýslu með ferju, en hugmyndir um að byggja brú yfir sundið höfðu legið fyrir um þó nokkurn tíma. Það var árið 1916 sem tillagan sem varð síðar að veruleika var lögð fram. Það tók langan tíma að byggja upp stuðning við framkvæmdirnar sem voru afar dýrar auk þess sem sjóher Bandaríkjanna óttaðist að brúin myndi hamla skipaumferð í sundinu.

Sá sem fékk verkefnið í hendurnar var verkfræðingurinn Joseph Strauss. Hann hafði mikla reynslu af brúarsmiði en ekkert í líkingu við verkefnið sem lá fyrir og þurfti því stuðning frá fjölda annarra fræðimanna sem breyttu hönnun brúarinnar að því sem hún er í dag. Strauss átti síðar meir eftir að draga úr þætti annarra í verkefninu til að hylla sjálfan sig sem föður brúarinnar.

Smiði brúarinnar hófst 5. janúar árið



Brúin er alls 2.737 metrar að lengd.
MYND/AFP

1933 og kostaði verkefnið um 35 milljónir dala (meira en 530 milljónir dala í dag). Strauss hannaði ný hreyfanleg öryggisnet fyrir verkamenn á brúnni, sem björguðu minnst níttján manns á meðan smíði brúarinnar stóð yfir. Samt sem áður hröpuðu ellefu manns til bana á meðan verkefnið stóð yfir.

Brúin var opnuð þann 27. maí 1937 við mikil fagnaðarlæti sem stóðu yfir í viku. Daginn áður en bilaumferð var

leyfð á brúnni fóru 200 þúsund manns yfir hana fótgangandi. Daginn eftir ýtti Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti á takka í Washington DC sem markaði upphafið á bilaumferð yfir brúna.

Brúin er alls 2.737 metrar að lengd og er hæst um 227 metrar. Í dag fara um 260 þúsund farartæki yfir brúna dag hvern, en hún hefur verið nefnd eitt af undrum veraldar. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 27. maí 2022

Guttormur Þorsteinsson stýrir
hjólatúrnum. MYND/ALDA VILLILJÓS

Stefnumót við skáldin í hverfinu

starri@frettabladid.is

Á morgun, laugardaginn 28. maí, mun Borgarbókasafnið Kringlunni bjóða upp á stefnumót við skáldin í hverfinu. Um er að ræða hressandi og andlega nærandi hjólatúr þar sem Guttormur Þorsteinsson, sagnfræðingur og deildarbókavörður á Borgarbókasafninu Kringlunni, mun lesa upp ljóð og prósa sem tengjast hverfunum í kringum Kringlumýri. Í hjólatúrnum munu gestir kynna skáldunum í Hliðunum og Háaleitishverfi, farið verður aftur í tímann, gestir munu elta við ketti í Kringlunni og ræningja í Óskjuhlíðinni.

Hjólatúrin hefst við Borgarbókasafnið Kringlunni, framan við inngang safnsins í bilakjallaranum. Þátttakendur eru beðnir að mæta vel útbúnir, í hlýjum fatnaði og á hjólum sem henta veðri og færð hverju sinni. Vinsamlegast mætið tímanlega. Ferðin tekur um eina og hálf klukkustund og svo verða kaldir fingur vermdir á kaffihúsi í lok ferðar.

Auk Guttorms er hjólastjóri Árni Davíðsson hjá Landssamtökum hjólréidamanna.

Hjólatúrarnir eru ókeypis og öllu fólki velkomið að taka þátt.

Hjólatúrin á morgun stendur yfir milli klukkan 15 og 17.

Skráning fer fram á síðu Borgarbókasafnsins undir Viðburðir. ■



Kjartan Gíslason, annar eigenda Omnom, segist alltaf hafa verið sælgætisgrís. Hann sækir í ljúfar ísupplifanir æskunnar í ísréttum Omnom. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Æt ævintýri og barnsleg einlægni

Súkkulaðigerðin Omnom gægðist upp úr Pandóruboxi sem ekki var hægt að loka þegar Kjartan Gíslason starfaði við hlið fransks eftirrættameistara á Michelin-stað í Lúxemborg. **2**

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA

MELTING & BÓLGUR





Kjartan Gíslason, matreiðslu- og súkkulaðimeistari, er sólginn í Omnom-súkkulaði en leyfir sér líka stundum sektarsælu æskunnar, sem er Prins Póló.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

„Ég á þrjár dýrmætar minningar um ís. Ég er fæddur í Vestmannaeyjum þar sem hægt var að kaupa ís með dýfu fyrir 20 kall í sjoppunni Tótaturni og man líka þegar Breikpinninn góði kom á markað. Mínar ljúfustu ísmíningar tengjast þó æskujólunum. Í þá daga var ís ekki oft á borðum heima, nema á sjálfum jóluum þegar gamla góða jólauppskriftin var löguð með ristudum hnetum og karamellu. Það var hátíðleg stund sem lifir í minningunni því líklega hef ég alltaf verið svolitill sælgætisgrís sem þróaðist yfir í að ég lærði kokkinn.“

Þetta segir matreiðslumeistari Kjartan Gíslason, sem stofnaði súkkulaðigerðina Omnom með æskuvini sínum Óskari Þórðarsyni árið 2013.

„Áður en ég fór í súkkulaðigerðina vann ég í tuttugu ár sem kokkur, síðast á veitingahúsinu Dill í Norræna húsinu, en þar á undan í Noregi, Svíþjóð og á Michelin-veitingastað í Lúxemborg. Til að vinna á Michelin-stað þarf maður að hafa meira en áhuga á matargerð; maður þarf að hafa löngun til að læra nýtt. Það gerði ég svo sannarlega, ekki bara í vinnubrögðum heldur var mesta upplifunin að vinna með árstíðabundið hráefni og af ástríðu. Við Íslendingar erum vanir að fá fersk jarðarber í desember, en þarna var tekinn upp aspas í apríl og fiskhrogn í rétti vetrar; allt á matsæðlunum var árstíðabundið, unnið úr fersku hráefni úr nærsveitum. Það gaf mér nýja sýn á matargerð.“

Auðvelt að verða ástfanginn

Á Michelin-staðnum í Lúxemborg vann Kjartan við hlið fransks kókugærðarmeistara sem bakaði daglega dýrindis brauð, kökur og klassíska franska eftirrétti eins og crème brûlée og soufflé.

„Það þótti mér ákaflega heillandi og fann að mig langaði mest að starfa í þeim anga matargerðarlistarinnar. Eftirréttagerð krefst mikillar nákvæmni og agaðra vinnubrögða. Sennilega situr í mér þetta sæta síðan ég var barn og það er auðvelt að verða ástfanginn af því. Allt þetta snerti í mér streng enda hefur mér alltaf liðið best þegar ég baka, þótt ég hafi auðvitað enn mikinn áhuga á því að elda góðan mat,“ segir Kjartan.

Við höfum kallað þetta ætíðsögur því þegar fólk borðar Omnom-súkkulaði er engin leið að vita hvert bragðlaukarnir fara með það.

Árið 2013 ákvað hann því að söðla um og spreya sig á súkkulaðigerð í eldhúsinu heima.

„Bæði af nördaskap en líka löngun til að læra að búa til súkkulaði frá grunni. Á þeim tíma voru litlar súkkulaðivinnslur í Bandaríkjunum farnar að vinna eftir aðferðafræðinni bean-to-bar, þar sem sérvaldar og fínustu kakóbaunir heims voru notaðar í súkkulaðigerðina. Mér þótti það spennandi tilhugsun og eftir að við keyptum litinn búnað varð fyrsta Omnom-súkkulaðið til,“ segir Kjartan.

Hann var drifinn áfram af forvitni um hvort hann gæti haft meiri áhrif á bragð súkkulaðis og lék sér með ýmis tilbrigði.

„Þegar búið var að opna það Pandórubox var engin leið að loka því. Við vorum heppnir með hæfileikaríkan hönnuð, André Úlf Visage, sem tvinnuði saman skemmtilega hönnun sem rímaði vel við hugmynd okkar um stemmingu sem passaði því hugarástandi að borða súkkulaði í barnslegri gleði. Við vildum búa til einfalt og gott súkkulaði sem væri í senn heildarlegt og kúl. Við höfum reyndar kallað það „ætar ævintýrasögur“ því þegar fólk borðar Omnom-súkkulaði er engin leið að vita hvert bragðlaukarnir fara með það, því við erum alltaf að prófa okkur áfram með nýjar kakóbaunir og hráefni sem við veljum út frá gæðum, hédan og þaðan úr heiminum,“ útskýrir Kjartan.

Bragðsælkerar í leit að baunum Íslendingar urðu fljótt sólgirnir í Omnom-súkkulaði.

„Í hinum gríðarstóra súkkulaðiheimi er flest af því sælgæti sem við sjáum í búðum gert úr þriðja flokks kakóbaunum. Við sérveljum kakóbaunir sem eru ekki ræktaðar í miklu magni. Vinnsla kakóbauna, úr ávexti yfir í súkkulaði, getur líka verið æði misjöfn. Við veljum baunir sem eru í hærri gæðaflokki og greiðum fyrir það hærri verð, og hærri en fair trade-verð sem er í gangi hverju sinni. Þannig fáum við aðgengi að mun betri hrávöru og sem hugsað hefur verið betur um, sérstaklega þegar kemur að því að gerja kakóbaunir, sem er efnafræðivísindi sem líkja má við víngerð. Ef menn sýna því áhuga og aðhaldssemi fást betri kakóbaunir sem bragðast betur,“ útskýrir Kjartan.



Ævintýralegir ísréttir Omnom skarta skrautlegum og gómsætum figúrum.

„Mitt Omnom-eftirlæti er eftir uppskrift sem heitir Dark Milk of Tanzania. Það er dökkt, kröftugt mjólkursúkkulaði með 65 prósent kakómagn. Ég líki því við kaffidrykkinn macchiato þar sem mjög sterku espresso-kaffi er blandað örllitlum mjólkurdreitli,“ segir Kjartan sem fær sér súkkulaði nánast upp á dag, til að sjá og smakka það sem kemur af færibandinu.

„Inn á milli leyfi ég mér líka sektarsælu, sem er Prins Póló. Það tengist fortíðarþrá úr Tótaturni í Eyjum en í hvert sinn sem ég fæ mér Prins Póló í dag rifjast upp að það var bæði þykkara og með meira súkkulaði í denn en nú.“

„Draumurinn var að opna bakarí eða kaffihús með kökugerð og ís. Við höfðum fjárfest í gömlum ísvélum en svo fenniti yfir draumurinn í faraldrinum þegar við þurftum að loka verslun okkar í

„Mitt Omnom-eftirlæti er eftir uppskrift sem heitir Dark Milk of Tanzania. Það er dökkt, kröftugt mjólkursúkkulaði með 65 prósent kakómagn. Ég líki því við kaffidrykkinn macchiato þar sem mjög sterku espresso-kaffi er blandað örllitlum mjólkurdreitli,“ segir Kjartan sem fær sér súkkulaði nánast upp á dag, til að sjá og smakka það sem kemur af færibandinu.

„Inn á milli leyfi ég mér líka sektarsælu, sem er Prins Póló. Það tengist fortíðarþrá úr Tótaturni í Eyjum en í hvert sinn sem ég fæ mér Prins Póló í dag rifjast upp að það var bæði þykkara og með meira súkkulaði í denn en nú.“

Ekki bara borðað með augunum Omnom-bræður voru farnir að leggja drög að nýjum ævintýrum nokkru áður en Covid-19 skall á.

„Draumurinn var að opna bakarí eða kaffihús með kökugerð og ís. Við höfðum fjárfest í gömlum ísvélum en svo fenniti yfir draumurinn í faraldrinum þegar við þurftum að loka verslun okkar í

Hólmaslóð. Í september 2020 opnuðum við svo ísbúð, því andlega landslagið hljóðaði upp á að gera eitthvað og þá sá maður ekki fram á að heimsfaraldurinn stæði yfir í tvö ár,“ segir Kjartan.

Hugmyndin var að útbúa einhvers konar bragðarefi með Omnom-súkkulaði.

„Við vildum opna ævintýraheim Omnom enn frekar og erum nú með átta ísrétti, ásamt árstíðabundnum réttum fyrir jól og hrekkjavöku, og nú vonandi fyrir sumarið sem átti að vera í fyrria, en alltaf stoppaði Covid okkur af. Við byggjum ísréttina á súkkulaði sem við framleiðum sjálf og bjuggum til lakkrissúkkulaðifigúru sem við köllum kolkrabbann til skrauts. Þannig höfum við haldið okkur við ævintýraþemað og dýrin sem hafa orðið einkennandi fyrir Omnom. Leðurblakan er dýr kaffisúkkulaðisins og því er til kaffikenndur ísréttur. Allar sósur, skraut og kurl gerum við sjálf; allt nema ísinn sem er hvítur vanilluís frá Kjörís,“ upplýsir Kjartan.

Hann segir skemmtilegt að hafa náð í skottið á því þegar landsmenn keyptu enn take away í heimsfaraldrinum.

„Það hefur líka verið gaman að fá erlenda ferðamenn sem hafa tyllt sér úti í skafli með ís um hávetur og undrast að Íslendingar fari í sérstaka ísbíltúra, sama hvernig viðrar. Grandinn er líka dásamlegt svæði að heimsækja, eins og nýr miðbær á jadrinum, og við sem hér erum með rekstur erum eins og ein stór fjölskylda.“

Á næsta ári stendur mikið til hjá Omnom sem fagnar tíu ára afmæli.

„Við erum bjartsýn á framtíðina og fögnum afmælinu með einhverju gómsætu og gleðivaldandi. Ef fólk vill lenda í skemmtilegu ævintýri og prófa nýtt í ís mæli ég með að koma til okkar og taka fólkið sitt með. Bragðið verður þó alltaf númer eitt, því útlitið er eitt og ekki borðar maður með augunum. Draumurinn er svo að taka skrefið og laga heimagerðan Omnom-ís frá grunni, en þangað til er gott að vera með einfaldan, hvítan ís sem er þægilegur strigi fyrir okkar listaverk.“ ■

Omnom er á Hólmaslóð 4. Opið alla daga frá klukkan 13 til 22. Sjá nánar á omnom.is

Spennandi nýjungar frá ítalska ískónginum

Engan skal undra að íslenska þjóðin hafi tekið jafn hratt við sér og raunin varð þegar ísbúðin Gaeta var opnuð við Ingólfstorg fyrir rúmlega tveimur árum. Þar dansa saman íslensk og ítölsk hráefni í dún mjúkum og frískandi gelato-ís.

Aðspurður segir Michele Gaeta, einn eigandi og stofnandi ísbúðarinnar, að hann og samstarfsfólk hans hafi yfir tuttugu ára reynslu af því að búa til gelato-ís, en saman ráku þau ísbúð á Ítalíu. „Gabriele og Claudia reka Gaeta gelato á Ítalíu og ég rek ísbúðirnar á Íslandi,“ segir Michele og bætir við: „Við deilum uppskriftum og hér á Íslandi bý ég til gelato-ís af ítalskri list úr íslenskum rjóma og mjólk og ýmsum innfluttum hráefnum frá Ítalíu. Gaeta sem var opnuð í Aðalstræti fagnaði svo tveggja ára afmæli 9. maí síðastliðinn,“ segir Michele.

Ísbúðin Gaeta er nú á tveimur stöðum, annars vegar að Aðalstræti 6 og hins vegar í Hlemmi Mathöll. Að sögn Michele er stefnan sett á að opna eina ísbúð til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu, vonandi fyrir lok sumars.

Hátt í hundrað bragðtegundir

Michele telur að á síðustu tveimur árum hafi þau hjá Gaeta framleitt hátt í hundrað bragðtegundir alls fyrir ísbúðina. „Í hverri viku gerum við nýtt bragð og skiptum einu eldra bragði út fyrir það. Sumar vinsælustu bragðtegundirnar eru svo alltaf í boðinu hjá okkur.“

Aðspurður segir Michele að sitt uppáhaldsbragð hjá Gaeta sé síbreytilegt. „Núna er ég mjög hrifinn af crème brûlée, en mér finnst Amarena kirsuberja líka mjög gott. En þetta breytist með hverju bragðinu sem við búum til. Sem krakki var uppáhaldið mitt að fá mér pistasíu- og svo súkkulaði saman í form. Þá fannst mér sérstaklega gott ef það var hægt að fá súkkulaði- og heslihnetu- ásamt pistasíuismum. Í Gaeta fæst einmitt súkkulaði- og heslihnetu-gelato, sem nefnist Bacia, og merkir koss á ítölsku,“ segir Michele.

Nýtt á Íslandi

Michele er spenntur að kynna gómsætar nýjungar sem fara í sölu hjá ísbúðum Gaeta í sumar. Ein þessara nýjunga er „Italian coffee cream“, sem gæti verið nefnt rjómakaffikrap á íslensku. „Þetta er einhvers staðar á milli gelato og ískaffis, en er mun mýkra og rjómakennara, eins og smúþi. Við notum sérstaka vél sem minnir á krap eða „slushie“ vél. Þá notum við ekta bruggað espresso-kaffi og rjóma í þennan ískalda og svandri rjómakaffidrykk. Það er enginn annar með þetta á matseðlinum á Íslandi svo okkur þótti tilvalið að kynna þessa nýjung fyrir ísunnendum hér á landi.“

Ásamt kaffibragðinu verða einnig aðrar bragðtegundir í boði. „Við erum líka með jarðarberjasorbet-krap. Í hverri viku munum við svo prófa nýtt ávaxtabragð. Við notum alltaf ferska ávexti eins og mangó eða kirsuber, en ekki tilbúin síróp, eins og við gerum alltaf í ávaxtasorbet hjá okkur. Þetta verður spennandi viðbót í sumar við vegan valkostina okkar.“

Gómsætar gjafir

Krikri er önnur spennandi nýjung hjá Gaeta, en um er að ræða hjúpaða smáisa í vöflumformi. „Þetta minnir kannski á konfekt-mola, nema með ís innan í. Ein bragðtegund er hvítur súkkulaði með pistasíuhjúp. Svo er crème



Michele skenkir hér dýrindis dún mjúkan jarðarberjadrykk úr ferskum ávöxtum. Þetta verður sko frískandi í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hvítur súkkulaði-smáís með pistasíuhjúp. Krikri er skemmtileg viðbót við vöruúrvalið í Gaeta.



Viltu taka ísinn með heim? Gaeta býður upp á falleg box þar sem þú velur þinar uppáhalds ístegundir. Tilvalið í matarboðið eða sem gjöf handa vini.

brúlee-ís með kaffihjúp. Einnig er stracciatella-ís með súkkulaðihjúp, og loks vanilluís með jarðarberjahjúp. Hægt er að njóta þess að smakka ísmolana í ísbúðinni, en svo er þetta líka tilvalin gjöf, líkt og konfekt-kassi. Þá er einnig vinsælt að taka þetta með sér í matarboð sem eftirrétt.“

Michele segir líka klassískt að gefa cannoli, sem er ítalskt bakkelsi með ricotta-ostafyllingu. „Okkar útgáfa er með súkkulaði og pistasíum. Við bjóðum einnig upp á ísbox til þess að taka með þar sem hægt er að velja nokkrar ístegundir og taka með. Boxin eru falleg með skrautborða og sóma sér vel sem gjafir handa nautna-seggjunum í lífi þínu.“

Michele er einnig spenntur að kynna aðra nýjung fyrir gestum, en þau hjá Gaeta eru byrjuð að búa til ekta ítalskt tiramisú. „Við búum til ljúffengt tiramisú hér á staðnum úr ítölskum mascarpone-osti, kaffilegum lady fingers og kakói. Það er bæði hægt að njóta þess að smakka á því hér í búðinni eða taka með sér heim. Svo er þetta náttúrulega einstaklega hugulsöm gjöf handa nákomnum,“ segir Michele.

Það er enginn annar með þetta á matseðlinum á Íslandi svo okkur þótti tilvalið að kynna þessa nýjung fyrir ísunnendum hér á landi.

Michele Gaeta

Ís í veisluna

Gaeta býður svo upp á stórskemmtilega nýjung fyrir veisluhaldara sem á sko eftir að koma sér vel í teitin í sumar. „Við bjóðum upp á sérstaka veislubakka fyrir gelato. Ísinn helst ískaldur í allt að sex klukkustundir svo þetta er tilvalin viðbót í hvers kyns viðburði eða jafnvel í lautarferðina. Hægt er að panta ísveislurnar fyrir allt frá 20 til 200 manns og er val um fjórar girnilegar bragðtegundir. Við skóffum svo box, skeiðar og ískex frítt með svo allir geti gert sér sinn eigin gelato.“



Ísvagninn frá Gaeta er kærkomin viðbót í hvers kyns veislur.

Gaeta norðan heiða

Gaeta gelato-ísinn fæst ekki bara í ísbúðum verslunarinnar heldur geta ísunnendur nú nálgast ísinn gómsæta í hentugum umbúðum í öllum verslunum Hagkaupa í Reykjavík og á Akureyri. „Við framleidum aukamagn af vinsælustu bragðtegundunum okkar á sama hátt og við gerum gelato í ísbúðinni og seljum í verslunum Hagkaupa, en einnig í Fjarðar-

kaupum og Melabúðinni. Sjálfur var ég staddur fyrir norðan fyrr á árinu og langaði mikið í ítalskan gelato-ís. Þá var mjög hentugt að geta stokkið inn í Hagkaup á Akureyri og keypt mér eitt box af Gaeta gelato-ís,“ segir Michele kátur. ■

Gaeta er staðsett að Aðalstræti 6 og í Hlemmi Mathöll. Nánari upplýsingar á gelato.is.

Í ísbíltúr að skoða apana



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Það mætti segja að eins konar sérstaða Íslendinga sé að fara í ísbíltúra. Flestir hafa einhvern tíma farið í lengri eða skemmri ísbíltúr. Lengi hefur verið vinsælt að skreppa í Hveragerði eða Sel-foss í ísbíltúr. Góðar ísbúðir finnast um allt land.

Skemmtilegt er að skoða tímarit.is því orðið ísbíltúr kemur þar virkilega mikið við sögu. Oft kemur orðið fyrir í léttu spjalli við fólk um hvað sé skemmtilegast að gera og þess háttar. Einnig kemur orðið alloft fyrir í greinum í bilablöðum og í viðtölum við matreiðslumenn. Oftast kemur það þó fyrir í minningargreinum þar sem fólk minnst ísbíltúra með látnum ástvinum.

Orðið ísbíltúr hefur reyndar skapað sér sess á heimsmælikvarða því orðið var valið „orð dagsins“ á BBC2 árið 2019. Þar er talað um að það sé tómsundagaman eða dægurvöl sem Íslendingar stundi. Það snúist um að hoppa upp í bil og að kaupa sér ís. Mikið hafði þá verið fjallað um ísbíltúr á Twitter-reikningi breska sjónvarpsþáttarins Q1.

Bandaríska tímaritið Monocle fjallaði sömuleiðis um ísbíltúra á Íslandi og fékk íslenskan blaðamann með sér í slíka bílferð. Þar er talað um gæðastundir Íslendinga þegar þeir fara í ísbíltúr. Fleiri hafa fjallað um þetta áhugamál sem virðist vekja mikla athygli og vera séríslenskt fyrirbæri.

Gerir sjálfbestu ísana

Nanna Rögnvaldardóttir, matarbloggari og matreiðslubókahöfundur, var spurð hvort ís væri í uppáhaldi hjá henni. „Já, það er alveg óhætt að segja. Ég borða samt mun minna af honum en ég gerði áður af því að ég reyni að forðast sykur. En það er nú ekki alveg hægt að snúa baki við ísnum,“ svaraði hún.

Nanna segist vera mest fyrir heimatilbúinn ís en hún keypti sér góða ísvél með innbyggðum frysti fyrir nokkrum árum og finnst gaman að gera tilraunir af ýmsu tagi. „Síðasti ísinn sem ég gerði var sveskju- og Palo Cortado-ís en svo er ég að fara fljótlega í að gera tilraunir með basilíkuís. Ég hef stundum gert slíka ísá sjálf í ýmsum útgáfum en fékk svo hrikalega góðan basilíkuís á veitingahúsi í Santiago de Compostela á



Ísbíltúrar hafa verið vinsælir á Íslandi í áratugi. Góð stund til að sameina fjölskylduna og spjalla saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

dögnum að ég verð að reyna að líkja eftir honum.“

Þegar Nanna er spurð hvort hún fari í ísbíltúra, svarar hún: „Nei, ekki lengur allavega. Hmm, hluti af skýringunni gæti verið tæknilegs eðlis, það er nefnilega enginn bíll á heimilinu. Og mér er aldrei boðið í ísbíltúr, barnabörnin og hundarnir sitja fyrir þegar farið er í svoleiðis leiðangra.“ Hún segist þó fá sér ís hvenær sem er. „Líklega oftar á veturna en á sumrin, mér finnst eitthvað svo notalegt að borða ís. Furðulegt eiginlega. Nema reyndar – sumir ísarnir sem ég bý til eru svolítið áfengir. Gæti verið skýringin,“ segir hún kankvís.

Nanna var spurð hvað geti skapað þennan mikla áhuga Íslendinga á ís. „Kannski að við erum löngu búin að átta okkur á því að það þýðir ekkert að biða eftir góða veðrinu, alveg óvíst að það komi. Og þá er eins gott að fá sér bara ís strax. Eða hvenær sem mann langar í ís, og það getur orðið nokkuð oft því að ís er góður,“ svarar hún.

Það var ekki úr vegi að spyrja þessa fróðu konu hvað það væri sem gerði ísbíltúra svona sérstaka að eftir þeim er tekið úti í heimi og orðið þyki merkilegt.

„Ég hafði bara ekki gert mér grein fyrir að það væri neitt sérstakt við þá. Gæti verið út af mínum billausa lífsstíl. Ísstrætótúr hljómar hins vegar einhvern veginn ekki eins vel.“

Manstu eftir eftirminnilegum ísbíltúr?

„Tja... Fyrir mörgum árum var ég í bil með ónefndri konu sem sat undir stýri. Þetta var kannski ekki eiginlegur ísbíltúr en við stoppuðum í ísbúð, fengum okkur ís í brauði og ókum af stað. Stoppuðum á ljósum og þá tókst ekki betur til en svo að toppurinn á ís bílstjórans datt ofan í kjöltuna á henni. Hún fór í einhverju fátí að reyna að krafla ísinn upp. Ég leit til hliðar og þá var þar full rúta af túristum sem allir göndu ofan í bílinn til okkar og á þessa konu sem sat þarna og var eitthvað að bauka með hönd í skauti.“

Ísbíltúr er góð samvera

Valgerður Guðnadóttir, söng- og leikkona, er einn færra Íslendinga sem eru ekkert sérstaklega hrifnir af ís. „Nema ítölskum ís í heitri sól,“ segir hún. „Mér finnst íslenskur ís með dýfu og kurlu bestur hér heima og jógúrtís er ágætur. Ítalskur ís finnst mér æðislegur, sérstaklega sítrónuís.“

Þegar hún er spurð hvort hún fari í ísbíltúra segist hún gera það en sjaldan. „Pabbi barnanna sér um það. Mér er eiginlega hulin ráðgáta hvers vegna Íslendingar eru svona sólnir í ís. Helsta skýringin er kannski sú að við erum



Orðið ísbíltúr hefur náð frægð langt út fyrir landið.



Nanna Rögnvaldar fer létt með að gera sinn ís sjálf og hefur gaman af því að prófa nýjar tegundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON



Berglind fékk sinn besta ís í Barcelona.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

nammigrísir og sólgín í allt sætt. Jú og svo er auðvitað gott að kæla sig í öllum hitanum hér,“ segir hún og hlær.

Hvað finnst Valgerði um þessa frægu ísbíltúra okkar?

„Þeir eru góð samvera fjölskyldunnar og svo er mögulega hægt að ná unglíngum á spjall þegar keyrt er út fyrir bæinn í ísbíltúr enda finnst flestum ís góður, nema kannski mér.“

Manstu eftir eftirminnilegum ísbíltúr?

„Já, með mömmu og pabba í sól og sumri í Hveragerði (Eden) þar sem hægt var að borða ís og horfa á apa og páfagauka.“

Sannur ísunnandi

Berglind Guðmundsdóttir, matarbloggari á grgs.is, segir að ís sé góður en hún fær samt aldrei einhvers konar þrá í hann. „Það besta við ísinn er að mínu mati dýfan og kurlaði. Á Íslandi fæ ég mér barnaís



Valgerður er ekki alveg sannur Íslendingur að því leyti að ís er ekki í sérlegu uppáhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

með súkkulaðidýfu og Rice Krispies – einfaldur klassíker. Besti ís sem ég hef fengið var hins vegar jógúrtís sem ég fékk í Gracia-hverfinu í Barcelona – ótrúlega ferskur og góður.“

Ferðu í ísbíltúra?

„Já og ísgöngutúra þar sem við höfum ísbúð nálægt heimilinu okkar. Ég er sannur Íslendingur og borða ís allt árið um kring.“

Hvað telur þú að skapi þennan mikla áhuga Íslendinga á ís?

„Að hluta til nostalgía. Þegar ég var litil var ekkert mikið að fréttu á Íslandi og um helgar var gjarnan farið í ísbíltúr svona til að brjóta upp daginn og viðra okkur krakka. Þá fékk maður pínkulitinn ís með dýfu og á tyllidögum kannski kurl. Þetta var finasta afþreying. Ég man að mér fannst geggjað að fara í ísbíltúr í Eden og skoða apana. Talandi um nostalgíu,“ segir Berglind. ■

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

GLÓANDI

MEÐ ICEHERBS

húð, hár & neglur

Paratöflur með sæþörungum
OFURFÆÐA HAFSINS
60 HYLKI | FÆÐUBÓTAREFNI

- Viltu heilbriggt hár & sterkari neglur náttúrulega?
- Kröftug & nærandi íslensk parablanda

NON-GMO VEGAN

Ráðstefnur og viðburðastjórnun

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 27. maí 2022

Kynningar: Athygli, Icelandair hótel Reykjavík Natura, Hilton Reykjavík Nordica, Listasafn Íslands, Advania, Menningarfélag Akureyrar, komum.



Lykilfólk Athygli ráðstefna eru f.v. þær Þorbjörg Þráinsdóttir, Þórunn Dögg Johnsen Harðardóttir og Kristjana Magnúsdóttir.

ADSEND/NÍNA BJÖRK HLÖDVERSDÓTTIR

Metár hjá Athygli ráðstefnum

Sérstaða Athygli ráðstefna liggur í skipulagningu ráðstefna og funda, hvort sem um er að ræða með stóru eða smáu sniði. Eftir heimsfaraldurinn er allt komið á fullt og árið 2022 er stærsta ár fyrirtækisins frá upphafi. **2**

Athygli ráðstefnur var stofnað í apríl 2010 og býður upp á alhliða þjónustu við skipulagningu ráðstefna og funda. Markmið fyrirtækisins frá upphafi hefur verið að ná til sem flestra sem ætla að halda ráðstefnu eða fund hérlendis, segir Þórunn Dögg Johnsen Harðardóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Sérstada okkar liggur í skipulagningu ráðstefna og funda, hvort sem um er að ræða stórar eða smáar. Viðskiptamannahópurinn er stór og í okkar mengi koma að fjölbreyttar starfsgreinar. Eitt af því sem gerir starfið okkar áhugavert er samvinna með ólíkum hópum, það er þroskandi að vinna með ólíku fólki úr ólíkum starfsgreinum.“

Hún segir fyrirtækið vera lítið og fyrir vikið gangi starfsfólk í öll störf. „Það aðgreinir okkur kannski frá öðrum fyrirtækjum í greininni. Við bjóðum persónulega þjónustu og erum í raun á vaktinni allan sólarhringinn, sjö daga vikunnar. Með þeim hætti náum við að vera í stöðugum og góðum tengslum við viðskiptavinum okkar og þátttakendum.“

Þórunn segir að hjá Athygli ráðstefnum samanstandi viðskiptamannahópurinn til dæmis af læknum og öðrum hópum sem eru uppteknir í sínu starfi. „Þá er gott að hafa aðgang að okkur á flestum tímum sólarhringsins. Við höfum einnig tamið okkur að svara öllum og þjónusta innan sólarhrings og það er að virka vel. Sumir viðskiptavinum okkar segja að við séum Athygli-sjúkar og okkur líkar bara ágætlega við þá greiningu.“

Yfirgripsmikið ferli

Upphaflega var Athygli ráðstefnur hluti af almannatengslafyrirtækinu Athygli og með tvo starfsmenn. „Það var fljótt að breytast og eftir eitt ár í samstarfi urðum við sjálfstætt fyrirtæki. Við tömdu okkur að sjálfsögðu stíl hinnar hagsýnu húsmóður fyrstu tvö árin og uppskárur samkvæmt því. Fljótlega vorum við komnar á beinu brautina með reksturinn og inn kom nýr hluthafi í fullt starf. Í dag er markaðshlutdeild okkar ansi stór og ekki hægt að segja annað en við höfum náð okkar markmiðum. Þetta er búið að vera spennandi og skemmtileg vegferð.“

Hún segir það venjulega taka eitt til fimm ár að skipuleggja hverja ráðstefnu og ferlið því yfirgripsmikið. „Við sjáum um bókanir hjá hinum ýmsu birgjum sem sjá meðal annars um fundastaði, gistingu, rútur, ferðir, skemmtanir, veitingar og margt fleira. Einnig höldum við utan um fjárstreymi hverrar ráðstefnu til að tryggja að afkoma hennar sé í takti við væntingar ráðstefnuhaldara. Auk þess erum við í samskiptum við ráðstefnugesti og aðstoðum þá við ýmislegt, sjáum um móttöku ágrípa, höfum umsjón með öllu prentuðu efni og ýmislegt fleira. Svo erum við auðvitað á staðnum þar sem ráðstefnan er haldin og pössum upp á að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Ánægðir viðskiptavinir og glaður ráðstefnugestur er svo rósín í hnappagatið fyrir okkur.“

Allt komið á fullt aftur

Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn hjá Athygli ráðstefnum síðustu tvö árin eins og hjá fleiri fyrirtækjum. „Þetta var mjög krefjandi tími fyrir okkur eins og aðra. Það voru endalaugar tilfæringar á bókunum og endurskipulagning. Ég held að við höfum þurft að endurgreiða eitthvað um þúsund gestum, sem var heljarinnar vinna. Við þurftum að fresta og færa til sum verkefni allt að fjórum sinnum. Það voru ekki allir eins hrifnir af því að klára verkið á rafrænan hátt þar sem ráðstefnur



Þórunn Dögg, Þorbjörg og Kristjana búa yfir mikilli reynslu þegar kemur að skipulagningu ráðstefna og viðburða.

MYNDIR/NÍNA BJÖRK HLÖÐVERSDÓTTIR



Ánægðir ráðstefnugestir að lokinni vel heppnaðri ráðstefnu í Hörpu.



Starfsfólk Athygli ráðstefna er tilbúið til skrafs og ráðagerða alla daga ársins.



Það er yfirleitt líf og fjör á ráðstefnustað.

snúast líka að miklu leyti um að sjá og hitta aðra og félagslegi þátturinn er stór hluti hverrar ráðstefnu. Það má ekki vanta smá húllumhæ þar sem það gleður gestina. En nú er allt komið á fullt og 2022 er stærsta ár fyrirtækisins frá upphafi, sem kemur líka til út af tilfærslu verkefna á milli ára. En okkur líkar vel við líf og fjör og getum ekki kvartað.“

Reynslumikið og þjónustulundað starfsfólk

Gott starfsfólk hefur skipt sköpum fyrir Athygli ráðstefnur frá stofnun þess, segir Þórunn. „Ég gæti sagt margar sögur þar sem reynt hefur á. Við höfum þurft að redda

hlutum á síðustu stundu, jafnvel þurft að láta snúa við bátum eða skutla gestum á einkabílum þar sem þeir voru ekki mættir á réttum tíma í ferðir. Undir þannig kringumstæðum er það reynslumikið og þjónustulundað starfsfólk sem kemur sterkast inn. Við erum allar í fyrirtækinu með yfir tuttugu ára starfsreynslu, öllu vanar og kunnum þetta, þó við segjum sjálfar frá. Það er lítil sem engin starfsmannaveita í geiranum sem má örugglega rekja til fjölbreytni í starfi, maður verður hreinlega bara háður þessu.“ ■

Nánar á athygliradstefnur.is.



Reynslumikið og þjónustulundað starfsfólk leysir allar fyrirsurnir.

Sjarmerandi og rómantískt í náttúru Reykjavíkur

Icelandair Hótel Reykjavík Natura er fádæma vinsælt til funda, ráðstefnuhalds og mannfögnuða, enda afbragðs vel búið og stutt mitt í borg og náttúru.

„Það sem heillar mig mest við Icelandair Hótel Reykjavík Natura er góður andi og persónulegt viðmót þar sem nútíminn og sagan kemur saman. Yfirbragð hótelsins er afslappað og þægilegt, og það setur svip á hótélbraginn og andrúmsloftið að héðan eiga margir ljúfar minningar um gláðar og góðar stundir, en líka ýmis tímamót á lífsleiðinni. Húsinu fylgir góð saga.“

Þetta segir Ragna Hjartar, viðburða- og ráðstefnustjóri Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

„Nafngiftin, Reykjavík Natura, minnir á náin tengsl við náttúru Reykjavíkur allt um kring, því þótt við séum í þægilegu göngufæri við miðbæ Reykjavíkur erum við umkringd fögrum skógi Óskjuhlíðar og ylströndinni í Nauthólsvík. Þá er Reykjavíkflugvöllur í túnfæti hótelsins, sem áratugum saman hét Hótel Loftleiðir, og það þykir bæði eftirsóknarvert og sjarmerandi,“ upplýsir Ragna.

Nútíminn mætir sögunni

Á Reykjavík Natura er glæsileg aðstaða fyrir ráðstefnur og viðburði af öllu tagi. Á hótélínu eru 220 gistiherbergi og níu fjölbreyttir salir.

„Hótelíð er vinsælt fyrir hvers kyns viðburði og ráðstefnur. Við bjóðum upp á heildræna upplifun í notalegu umhverfi, þar sem fagleg og persónuleg þjónusta er í forgrunni. Allur aðbúnaður er fyrsta flokks og við erum einkar vel tækjum búin. Eftir heimsfaraldurinn höfum við fundið fyrir auknum kröfum um góðan fjarfundabúnað þar sem fólk er orðið vant því að geta tekið þátt, sama hvar það er stutt í heiminum. Við verðum vitaskuld við því öllu, hvort sem það er að streyma fundum eða setja upp fjarfundir og við leiðbeinum gestum okkar í þeim efnum. Þá skiptir staðsetning hótelsins miklu fyrir gesti sem þykir töfrandi að geta labbað út í indæla angan skógarins eða skroppið í sjósund á milli funda, og notið dýrindis veitinga á veitingastaðnum Satt,“ greinir Ragna frá.

Gláðar stundir einkenna hótél-andann á Reykjavík Natura.

„Við höfum yndi af því að halda veislur fyrir alls kyns mannfagnaði, svo sem árshátíðir, brúðkaup, fermingarveislur og afmæli, og við erum þekkt fyrir glæsilegar erfidrykkjur þar sem er alltaf gott með kaffinu, hlýjar móttökur og hluttekning. Þegar kemur að hefðbundnu fundahaldi bjóðum við oftan en ekki nútímalegar veitingar og nýjungar, en við höldum líka fast í hefðir hótelsins, þar á meðal erfidrykkjur með hefðbundnu kaffihlaðborði, sem er ávallt mjög vinsælt. Við erum nútímalegt hótél og trú rótgróinni sögu gamla Hótel Loftleiða sem stendur hjarta landans nær og hefur haldið utan um lífsins tímamót þeirra í áratuga rás. Sá hópur gesta verður okkur alltaf kær,“ segir Ragna.

Tími til að panta fermingarveislu

Þótt fermingartímabil ársins standi enn yfir eru margir farnir að bóka salí á Reykjavík Natura fyrir fermingarveislur næsta árs og ársins 2024.

„Hér hefur alltaf verið vinsælt að halda fermingarveislur og bjóðum við nokkra frábæra mismunandi fermingarpakka. Okkar leidarljós er að fermingarbarnið og fjölskylda þess geti komið,



Á Reykjavík Natura er glæsilegur bíosalur í retróstil. Hann er vinsæll til funda og kynninga, en líka bíósýninga.



Í glæsilegu spa hótelsins geta gestir notið þess að fara í dekur, nudd og heita laug, og svo mat eða bröns á Satt á eftir.

MYNDIR/ÁÐSENDAR



Ragna Hjartar er viðburða- og ráðstefnustjóri hjá Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

notið og farið. Við sjáum fyrir öllu, gómsætum veitingum, alúðlegri þjónustu og öllum frágangi. Því getur fjölskyldan notið dagsins í ró og næði með gestum sínum, og losnað við allt umstang sem fylgir veisluhaldinu,“ greinir Ragna frá.


Annar vinsæll viðburður á Reykjavík Natura er jólahlaðborðið á Satt, en nú þegar eru stærri fyrirtæki farin að spyrja um það fyrir næstu jól.

„Þá er ógleymanleg upplifun að halda brúðkaupsveislu í salarkynnum hótelsins, í rómantískri umgjörð náttúrunnar og með blikandi borgarljósin í fjarska, sumar, vetur, vor eða haust,“ segir Ragna og vísar til þess að velja þegar kemur að mismunandi sölum hótelsins.

„Salina er hægt að nota saman eða sitt í hvoru lagi, með millihurðum sem hólfa þá niður eftir þörfum. Minnstu fundir geta verið tveggja manna og við erum með salí sem halda vel utan um allt frá 30 manns upp í 500 manna standandi veislu og 300 manna ráðstefnu.“



Allur aðbúnaður til funda og ráðstefna er fyrsta flokks á Reykjavík Natura.



Alls eru 220 gistiherbergi og svítur á Reykjavík Natura, hvert öðru fallelgra.

Herbergi, bröns og dekur

Eftir tveggja ára samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs segir Ragna ekki leyndu sér hversu fólk hefur mikla þörf fyrir að hittast.

„Það fer ekki fram hjá okkur hversu fólk er spennt að mæta á fundi sem og mannfagnaði. Það sýnir sig í aukningu á að klára

fundardaginn með standandi hanastéli og veitingum. Þá hefur sömuleiðis aukist að fólk fái sér hótélherbergi og gisti, ekki síst árs-hátíðargestir. Það er skemmtileg ráðstöfun og ekki síst hagstæð fyrir budduna, því herbergi kostar svipað og leigubíll heim í úthverfin að kvöldi. Það er enda ævintýri að koma til árshátíða eða ráðstefnu-

Það fer ekki fram- hjá okkur hversu fólk er spennt að mæta aftur á fundi og mannfagnaði. Það sýnir sig í aukningu í að klára fundardaginn með standandi hanastéli, veitingum og gistingu.

halds og eiga herbergi á Reykjavík Natura. Við erum með æðislegt spa þar sem hægt er að njóta dekurs, nudds og heitra potta, og tilvalið að gæða sér á dýrindis bröns á veitingastaðnum Satt á eftir. Upplifunin jafnast á við minni helgarferð í borginni,“ segir Ragna.

Á hótélínu er jafnframt bíosalur fyrir 110 manns í sæti.

„Þetta er retró salur og iðulega notaður sem fundarsalur, fyrir styttri kynningar, starfsmannafundi og auðvitað hæg heimatökin að sýna bíómynd ef stemmning er fyrir því. Það höfum við líka stundum gert fyrir hótélgesti þegar ekki hefur verið hundi út sigandi vegna hríðarbyls á vetrum,“ segir Ragna.

Hún sér um að upplifun hótélgesta sé snúðlaus, framúrskarandi og góð.

„Við tökum vel á móti gestum og ef vantar auka þjónustu í dagskrá þeirra, hvort sem það er hádegisverður, fundarsalur eða annað, veitum við þjónustuna hratt og vel. Þá erum við með gírnilega og gómsæta hádegispakka ef til stendur að fara í ferðalag, og ýmislegt fleira spennandi.“

Einstakt hótél á einstökum stað

Á Reykjavík Natura er gaman að koma og alls kyns skemmtilegir útdúrar til upplifunar.

„Mér finnst jafnan létt yfir mannskapnum að vera kominn til okkar, í vinnuferð jafnt sem gleðskap, og ekki síst nú í vor hafa allir verið gláðir að vera komnir aftur í gang. Hér fer vel um fólk, allur aðbúnaður fyrsta flokks, og alltaf eitthvað freistandi og ljúffengt á matseðli Satt, hvort sem það eru morgunveitingar, hádegisverður eða kvöldverður,“ segir Ragna, á pallinum fræga sem veitir óviðjafnanlegt útsýni út á flugvöllinn með öllum sínum ævintýraljóma.

„Pallurinn er sólarpottur á góðviðrisdögum og þá er þar iðandi mannlíf og skemmtileg stemning. Við fáum oft til okkar flugáhuga-fólk sem tyllir sér á pallinn til að dást að flugumferðinni og pantar sér ostaplatta og bjór, eða annað gómsætt og frískandi á Satt. Þá er ógleymdur salurinn Millilending á efri hæðum, þaðan sem útsýnið er fagurt hvert sem litíð er, yfir á Bessastaði og út á sæinn. Þangað fáum við oft flugáhugamenn sem stara dolfallnir út um gluggann. Staðsetning hótelsins er enda sérstök og sannarlega heillandi,“ segir Ragna.

Við hótelið eru næg bílastæði og gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

„Til okkar koma jafnt Íslendingar og erlendir gestir. Það er aukning í komu gesta sem kjósa Reykjavík til funda- og ráðstefnuhalds, rétt eins og fólks sem langar í helgarfrí í borginni. Það kaupir sér dekurpakka, fer í spa og bröns og gistir í dásamlegum rúmunum í falletum herbergjum einstaks hótels í einstöku umhverfi.“ ■

Icelandair Hótel Reykjavík Natura er á Nauthólsvegi 52. Sími 444 4500. Nánari upplýsingar á icelandairhotels.is/natura

Fyrsta flokks þjónusta og einstök aðstaða á Hilton

Hilton Reykjavík Nordica býður upp á heildarþjónustu þegar kemur að ráðstefnu- og viðburðahaldi. Starfsfólk-ið býr yfir gríðarlegri reynslu og þekkingu þegar kemur að alls kyns viðburðum og hótelið sjálft hefur mikið af fjölbreyttum rýmum sem henta fyrir ýmsa ólíka hópa.

Hilton Reykjavík Nordica hefur fyrir löngu skipað sér sess sem eitt fremsta ráðstefnu- og viðburðahótel landsins. Á hótelinu er 251 vel búið herbergi og 18 fjölbreyttir salir sem henta vel fyrir fundi, ráðstefnur og hvers kyns viðburðahald.

Hilton er þekkt fyrir fyrsta flokks þjónustu og framúrskarandi veitingar að hætti VOX Brasserie. Staðsetning hótelsins er miðsvæðis í borginni, þar er nóg af bílastæðum, aðgengi gott og aðbúnaður til fyrirmyndar.

Gríðarleg þekking og reynsla

„Það skiptir miklu máli að vanda valið þegar kemur að undirbúningi viðburðahalds og nýta sérþekkingu fagaðila, enda getur það verið flókið mál að skipuleggja ráðstefnur og viðburði og margt sem þarf að huga að,“ segir Anita Ólafsdóttir, ráðstefnu- og viðburðastjóri Hilton Reykjavík Nordica. „Við erum stolt af því að geta veitt viðskiptavinum okkar heildarþjónustu þegar kemur að ráðstefnu- og viðburðahaldi, enda er valinn maður í hverju rúmi og hér starfar samhentur hópur fagfólks sem býr yfir mikilli þekkingu og reynslu. Þó svo að stærstur hluti viðburða á Hilton sé tengdur fyrirtækjamarkaði þá er að sjálfsögðu einnig boðið upp á þjónustu við brúðkaup, fermingar, erfidrykkjur og önnur einkasamkvæmi.“

Það er mikilvægt að huga að undirbúningi tímanlega og nýta sérþekkingu starfsmanna hótelsins til að greina þarfir fyrir ráðstefnur og viðburði. Á Hilton starfa meðal annars reynslumiklir tæknimenn sem aðstoða viðskiptavinum okkar við þessa þarfagreiningu og veita ráðgjöf fyrir ráðstefnur og viðburði,“ útskýrir Anita. „Streymi og fjarfundir munu líka áfram gegna mikilvægu hlutverki og flestar stærri ráðstefnur bjóða gestum upp á val um streymi eða staðfund. Þannig er líka hægt að þjónusta landsbyggðina enn betur, minnka kolefnissporið og hámarka nýtingu á tíma.“

Frábær þjónusta fyrir stóra hópa

„Hilton hefur á síðustu árum þjónustað fjölmargar stórar árs-hátíðir og hafa viðburðir af þessu tagi færst mjög í vöxt,“ segir Anita. „Það fara miklir fjármunir í það að breyta íþróttahöll í veislusal og því mælum við hiklaust með því fyrir stærstu fyrirtæki landsins að skapa einstaka upplifun fyrir sitt fólk á Hilton.“

Með því að flétta saman rýmin á jarðhæðinni getum við sett upp skemmtilega viðburði fyrir 500-2.000 manns. Þá er veitingaúrval enn fjölbreyttara en í hefðbundnum þriggja rétta kvöldverði svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Anita. „Tónlistar- og skemmtidagskrá fer þá sömu-leiðis fram á nokkrum sviðum og þannig er hægt að bjóða upp á meiri breidd þar, enda er líklegt að smekkur fólks sé fjölbreyttari eftir því sem hóparnir stækka.“

Fólk farið að bóka jólahlaðborð

Að sögn Anitu er eftirspurnin gríðarlega mikil og ljóst að framundan er viðburðaríkur tími.



Hilton hefur á síðustu árum þjónustað fjölmargar stórar árs-hátíðir og slíkir viðburðir hafa færst mjög í vöxt.

MYND/ADSEND



Skemmtilegur lítill fundarsalur á annarri hæð Hilton þar sem gestir geta rólað sér meðan á fundi stendur.

MYND/ADSEND



Á Hilton Reykjavík Nordica eru 18 fjölbreyttir salir sem henta vel fyrir alls kyns fundi, ráðstefnur og viðburðahald.

MYND/ADSEND



Umgjörðin á VOX Home er einstaklega glæsileg en um leið afslöppuð og rýmið hentar vel fyrir einkasamkvæmi eða minni hópa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



VOX Club salurinn á að vera eins konar leikvöllur fyrir viðskiptavinum hótelsins og hefur verið vinsæll fyrir starfsdaga, fundi og annað.

MYND/ADSEND

„Viðburðahald er komið á fljúgandi ferð eftir alltof langa bið. Uppsöfnuð þörf fyrir ráðstefnur og viðburði er mikil og hjá okkur hafa því miður færri komist að en vilja,“ segir Anita. „Frá því takmörkunum var aflétt hefur húsið verið þéttbókað og mikið um að vera. Við erum líka önnur kafin við að bóka inn stóra viðburði í haust og langt fram á næsta ár. Í kjölfar Covid hefur einnig verið mikil aukning á svokölluðum „hybrid“ viðburðum og við sjáum að það er breyting sem er komin til að vera.“

Við erum líka loksins farin að sjá aftur bókanir þar sem fólk hugsar lengra fram í tímann og til marks um það erum við til dæmis byrjuð að bóka inn jólahlaðborðin okkar, sem vanalega eru fullbókuð í lok september,“ segir Anita. „Það verður einstaklega vonduð umgjörð í kringum jólahlaðborðin hjá okkur í ár og úrvalið verður fjölbreytt. Í aðalsal hótelsins verður boðið upp á hefð-



Anita Ólafsdóttir, ráðstefnu- og viðburðastjóri Hilton Reykjavík Nordica.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

bundið jólahlaðborð með lifandi tónlistarflutningi undir borðhaldi og dansleik í lok kvölds. Þá geta stærri hópar einnig bókað sér sal fyrir sitt fólk en gestum verður einnig boðið á dansleikinn í lok kvölds. Minnstu hóparnir geta svo bókað borðstofu í VOX Home og notið alls þess besta í veitingum beint á borðið.“

Það skiptir miklu máli að vanda valið þegar kemur að undirbúningi viðburðahalds og nýta sérþekkingu fagaðila.


Fjölbreytt rými fyrir ólíkar þarfir

„VOX Home er einstakt rými á jarðhæð Hilton Reykjavík Nordica sem samanstendur af bar og lounge-svæði auk þriggja borðstofa sem henta vel fyrir einkasamkvæmi eða minni hópa,“ segir Anita. „Einnig er hægt að nýta allt rýmið fyrir viðburði fyrir allt að 300 gesti. Umgjörðin er einstak-

lega glæsileg en um leið afslöppuð og lögd er áhersla á að skapa nýja upplifun í mat og drykk.“

VOX Club er svo fjölnota viðburðarými sem einnig er staðsett á jarðhæð hótelsins. Salurinn hefur verið einstaklega vinsæll fyrir starfsdaga, fundi og hvers kyns vörुकynningar. Ad sögn Anitu var rýmið hannað með það í huga að vera eins konar leikvöllur fyrir viðskiptavinum hótelsins.

„Þarfir viðskiptavina okkar eru breytilegar og það er mikilvægt að við getum boðið rými sem henta hverju tilefni eða styðja við þau skilaboð eða ímynd sem viðskiptavinir okkar vilja koma á framfæri,“ segir hún. „Hugmyndin að baki VOX Club er að þar sé boðið upp á hrárra umgjörð en hefur þekkt á VOX og Hilton Reykjavík Nordica. VOX Club er skemmtilegt fundarherbergi fyrir þá sem vilja hugsa aðeins út fyrir kassann eða skapa sinn eigin ævintýraheim.“ ■




**ICELAND
TRAVEL**
DMC & PCO



Er komið að þér að halda ráðstefnu eða viðburð?

Iceland Travel hefur áratuga reynslu af skipulagningu og umsjón með margs konar viðburðum. Við höfum séð um fjölda ráðstefna jafnt fyrir erlenda sem innlenda aðila. Einnig höfum við sérhæft okkur í hvataferðum, fundum og viðburðum af öllu tagi.

Á undanförunum árum höfum við, sem dæmi, skipulagt og séð um framkvæmd á ráðstefnum fyrir: „Arctic Circle“, Læknadaga, Landsþing sveitafélaga, „Iceland Fishing Expo“ og marga fleiri aðila.

Einnig höfum við séð um framkvæmd árshátíða, starfsdaga, vorfagnaða og annarra viðburða fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Nýttu þér reynslu okkar.

Við erum hér fyrir þig!

mice@icelandtravel.is

Mikilvægur vettvangur fyrir femínískt samstarf

Kvenréttindafélag Íslands stendur fyrir árlegu Kynjaþingi í Veröld – húsi Vigdísar á morgun, laugardaginn 28. maí, klukkan 13-17. Fjölbreytt samtök og hópar halda viðburði á þinginu og það er ókeypis og aðgengilegt öllum, en það verður einnig í beinu streymi á heimasíðu Kynjaþings.

oddurfreyr@frettabladid.is

„Kynjaþing 2022 er lýðræðislegur og femínískur vettvangur fyrir almenning og dagskrá þingsins er skipulögð af félagasamtökum og hópum,“ segir Rut Einarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands. „Það eru margir vinklar á jafnréttisbaráttunni og við stefnum á að koma þeim öllum saman á einn stað til þess að gefa félagasamtökum, hópum og grasrótarsamtökum tækifæri til þess að auka sýnileika sinn og vekja athygli á starfsemi sinni og málefnum, sem og til þess að koma saman og ræða sameiginlega fleti.“

Tilgangurinn með Kynjaþingi er að auka samræður milli okkar sem er annnt um jafnrétti í heiminum og gefa almenningi tækifæri til að kynna þvi helsta sem er að gerast í femínískri umræðu á Íslandi og víðar,“ útskýrir Rut.

Hefur skapað nýtt femínískt samstarf

„Fyrsta Kynjaþingið var haldið árið 2018 og árið 2020 var það alfarið rafrænt, svo allar upptökur frá því þingi eru aðgengilegar á YouTube-síðu Kvenréttindafélagsins. Við ákváðum hins vegar að fresta Kynjaþingi vegna Covid-faraldursins haustið 2021,“ segir Rut. „Þetta er því í fjórða skipti sem Kynjaþing er haldið hátíðlegt. Fyrri Kynjaþing hafa verið haldin



Rut Einarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands, er spennt fyrir Kynjaþinginu sem fer fram á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á hausti til en við ákváðum að færa það fram á vorið.

Fyrri Kynjaþing hafa gengið vonum fram og vitum við til þess að ný femínísk félög hafa sprottið upp í kjölfar þeirra,“ segir Rut. „Þetta er líka mikilvægur vettvangur fyrir uppbyggingu tengslanets femínista á Íslandi og fleiri samstarfsverkefni hafa sprottið upp í kjölfar þeirra.“

Fjöldi fjölbreyttra viðburða

Kvenréttindafélag Íslands sér um utanumhald með Kynjaþingi, en fjölbreytt samtök og hópar halda viðburði á Kynjaþingi í ár: UN Women á Íslandi, 1.600 niðurfelld nauðgunarmál, Alþýðusamband Íslands, Margþætt mismunun og

konur á flótta, Kvennasögusafn Íslands, Róttin, Reykjavík Feminist Film Festival, Samtökin '78, Sigrún hannyrðapönkari, Urðarbrunnur og Ófgar.

„Viðburðirnir í ár verða mjög fjölbreyttir, eins og sést á þeim samtökum sem standa fyrir Kynjaþingi í ár. Það verður meðal annars fjallað um mismunun kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði, stöðu kvenna á flótta, rætt um stöðu þolenda og hina raunverulegu slaufun, sem og stríð og konur,“ segir Rut. „Þá verður einnig opin fundur með konum í vímuefnamálageiranum og samtal við hinsegin ungmenni. Einnig verður líflegt á kaffihúsinu, þar sem verkefnið 1.600 niðurfelld

nauðgunarmál verður með sýningu á kláruðum verkum, Kvennasögusafn býður upp á örsýningu úr baráttunni og hægt verður að taka þátt í femínísku hannyrðapönki – svo það verður eitthvað fyrir alla á staðnum!“

Þarf bara góða skapið og jafnréttisglæraugun

„Kynjaþing er fyrir alla sem hafa áhuga á jafnrétti og við hvetjum sem flest til þess að mæta og kynna sér stöðuna á Íslandi í dag, hvert við höfum náð og hver eru helstu áhersluatriðin í dag,“ segir Rut. „Kynjaþing er öllum aðgengilegt að kostnaðarlausu. Reykjavík Feminist Film Festival og Sigrún hannyrðapönkari verða með

Fyrri Kynjaþing hafa gengið vonum fram og vitum við til þess að ný femínísk félög hafa sprottið upp í kjölfar þeirra.

Rut Einarsdóttir

varning fyrir þau sem vilja styðja við þeirra verkefni, en öll þátttaka er gjaldfrjál. Það þarf bara að mæta með góða skapið og jafnréttisglæraugun.

Í kjölfar faraldursins tókum við hjá Kvenréttindafélaginu líka þá ákvörðun að allir okkar viðburðir yrðu aðgengilegir í streymi til þess að auka aðgengi,“ segir Rut. „Hægt verður að fylgjast með á síðu Kynjaþings, kynjathing.is, og svo verða viðburðirnir birtir á YouTube-síðu félagsins í kjölfarið, en við hvetjum þau sem komast á staðinn til að mæta og njóta femínísku félagssskapar.“

Femínískur gleðskapur eftir þing

„Eftir viðburði á Kynjaþingi býður Kvenréttindafélag Íslands svo til femínísku gleðskapar í Stúdentakjallaranum klukkan 17.00, þar sem öllum er velkomið að koma til að ræða femínísk málefni og skála fyrir sumri og þeim framförum sem náðst hafa í jafnréttisbaráttunni – þó við séum hvergi nærri hætt enn!“ segir Rut að lokum. ■

Hægt verður að fylgjast með Kynjaþingi 2022 á síðu Kynjaþings, kynjathing.is, og viðburðirnir verða líka birtir á YouTube-síðu Kvenréttindafélagsins eftir að þeir fara fram.

Góð upplifun þegar maður flýtur bara áfram

„Ég hef alltaf haft áhuga á að búa til góða stemningu, hvort sem það er að bjóða fólkinu mínu í mat eða sinna viðburðahaldi,“ segir Signý Jónsdóttir vöru- og upplifunarhönnuður.

thordisg@frettabladid.is

Signý segir alls kyns hluti mynda góða stemningu. Oftast ekki eitthvað eitt heldur heildarmyndin.

„Matarboð er ekki bara maturinn sjálfur, heldur þegar allt kemur heim og saman; matur, staður, lykt, borðbúnaður, lýsing og fólk. Ef rými eru vel hönnuð og áhugaverð er líklegra að fólk verji þar lengri tíma. Form, litir og áferð hafa áhrif á okkur, hvort sem við tökum eftir því eða ekki.“


Þrautin þyngri að geðjast öllum

Signý útskrifaðist sem vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands 2019 og síðan hefur upplifunarhönnun verið hennar ær og kýr.

„Upplifunarhönnun er nálgun þar sem megináhersla vöru, ferils, umhverfis eða stefnu viðfangsefnis er hönnuð með upplifun áhorfenda að leiðarljósi. Þá eru skynfæri og tilfinningar áhorfenda og þátttakenda viðskiptavinir upplifunarhönnuðarinnar,“ útskýrir Signý.

Sjálf hefur hún unnið í fjölbreyttum upplifunarverkefnum ásamt því að sinna sjálfstæðum verkefnum sem hönnuður.

„Ég er sannarlega ekki sú eina



Signý sá um upplifunarhönnun á HönnunarMars 2022. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

sem sinnir þessu starfi á landinu. Upplifunarhönnun leynist víða á Íslandi og ég veit af upplifunarhönnuðum sem hafa verið í verkefnum hjá heilbrigðisstofnunum, hátíðahöldurum, borginni, auglýsingastofum, tæknifyrirtækjum og víðar, og þó svo að þessi starfstíll hafi ekki verið áberandi í umræðunni tel ég þetta vera ört vaxandi starf,“ segir Signý.

Spurð hvort auðvelt sé að hanna upplifanir segir Signý það fara eftir verkefnum og alvarleika þess sem unnið er með.

„Að geðjast öllum er auðvitað þrautin þyngri, þar sem við löðumst að ólíkum hlutum, en þó hefur maður það að leiðarljósi á meðan unnið er að verkefnum.“

Lummur, ís og bjór úr melgresi

Signý segir erfitt að festa fingur á hvað felst í vel heppnaðri upplifun; þar spili margt inn í.

„Að mínu mati felst góð upplifun í því þegar maður mætir á stað og tíminn liður án þess að maður sé að þæla of mikið í því sem er að gerast í kringum mann. Maður flýtur bara áfram,“ útskýrir Signý.

Nýlega sinni hún upplifunarhönnun fyrir HönnunarMars 2022.

„Þar sá ég um að skapa rými fyrir gesti og gangandi á ólíkum viðburðum. Verkefni voru jafn ólík og þau voru mörg en á verkefnalistaðnum voru merkingar í borgarlandinu, að sjá til þess að hönnuðir breyttust í plötusnúða, opunar- og lokahóf, og margt þar á milli.“



Signý Jónsdóttir, vöru- og upplifunarhönnuður. MYND/SIGNÝ JÓNSDÓTTIR

Þar á undan hef ég mestmegnis unnið á sviði matarupplifunar. Árið 2020 vann ég, ásamt hönnuðunum Kjartani Óla og Sveini Steinari, að farandveitingahúsinu Meli – mathúsi þar sem áherslan var á melgresi og framtið þess hér á landi. Meðfram borðhaldinu tóku gestir þátt í samræðum, og úr melgresi löguðum við bjór, lummur, núðlur, melottó og ís.“

En hvað skyldi einkenna upplifunarhönnun Signýjar?

„Ég legg mikið upp úr því að fá lánað og skila. Auðveldasta leiðin er að fara út í búð og kaupa efnivið þegar setja skal svip á rými, en það þarf mikið að gerast til að ég fari þá leið. Frekar reyni ég mitt besta til að hugsa í hlutum sem eru í umferð og þarf ekki að henda að viðburði loknum, hvað þá þegar viðburðir eiga að standa yfir dag eða minna, eins og oft vill vera.“

Æðarvarp og farandveitingahús Signý minnst þess þegar hún

neitaði að fara með foreldrum sínum á sprang um listasöfn á sínum yngri árum.

„Eftir margra mínútna viðræður endaði það þannig að þegar á Listasafn Reykjavíkur var komið, og búið að dvelja þar heillengi, þurftu viðræður að hefjast á nýjan leik um að koma mér út. Því þar sat ég að kubba úr óhefðbundnum kubbum Ólafs Elíassonar, umkringd skúlptúrum sem aðrir höfðu mótað. Þar kviknaði áhugi minn fyrst á hönnun, og þá sérstaklega þátttöku almennings í mótun þess undralands sem allir gátu orðið hluti af, hvort sem það var að taka þátt eða upplifa,“ segir Signý.

Hún segir enga pressu að halda upp á eigið afmæli með stæl.

„Ég verð að viðurkenna að svo er ekki. Ef það er eitthvað sem ég legg upp með á afmælisdaginn er það að koma vinum mínum og fjölskyldu saman og bjóða upp á góðan mat. Fólk býst því ekki endilega við frumlegheitum af upplifunarhönnuðinum.“

Fyrri hluta sumars verður Signý með annan fótinn að sinna æðarvarpi á Skálanesi í Seyðisfirði.

„Þar kemst ég í ró eftir annasamt vor. Því næst liggur leiðin á Þingeyri þar sem við kærastan mín, Anna Margrét, verðum með farandveitingahús fyrstu vikuna í júlí. Þar ætlum við að vinna með hráefni nærumhverfisins, allt frá því sem við látum ofan í okkur, til þess sem verður umhverfis gesti.“ ■

Salur og fundaherbergi í einu sögufrægasta húsi Reykjavíkur

Salur og tvö glæsileg fundarherbergi eru til útleigu í einu sögufrægasta húsi landsins og einu af helstu kennileitum borgarinnar, Safnahúsinu við Hverfisgötu. Leitast er eftir að veita framúrskarandi þjónustu ásamt ráðgjöf sem hentar hverjum viðburði fyrir sig. Þá er vinsælt að bóka leiðsögn um húsið og/eða yfirstandandi sýningar Listasafns Íslands í kringum fundartímann.

Í einu af safnhúsum Listasafns Íslands, Safnahúsinu við Hverfisgötu, eru tvö fullbúin og glæsileg fundarherbergi ásamt sal til útleigu. Lestrarsalurinn hentar vel fyrir stærri fundi, málþing, starfs- og vinnudaga, ráðstefnur og tónleika. Fundarherbergin henta hins vegar vel fyrir minni fundi, stjórnarfund, starfsmannasamtöl og fundi þar sem fjárfundarbúnaður er nýttur.

„Safnahúsið við Hverfisgötu er fyrsta safnbyggingin sem reist var hér á landi og var hún vígð árið 1909 og er eitt af helstu kennileitum borgarinnar,“ segir Guðrún Jóna Halldórsdóttir, markaðs- og þjónustustjóri Listasafns Íslands. „Hannes Hafstein lét reisa húsið, sem var byggt á árunum 1906-1908 til að hýsa Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafnið. Safnahúsið er tímamótaverk í íslenskri húsagerðarsögu og jafnframt síðasta opinbera stórhúsið með steinhlöðnum veggjum áður en steinsteypuöld gekk í garð.“

Lestrarsalurinn

Lestrarsalurinn er mjög virðulegur og fallegur salur með glæsilegri aðkomu. Í salnum er góður hljómburður, flygill og falleg birta frá stórum gluggum leikur um salinn. Salurinn er í sinni upprunalegu mynd ásamt einstökum húsgögnum sem fylgt hafa salnum frá því húsið var opnað.

„Salurinn tekur um 100 manns í standandi opnun en um 80 manns í sætum fyrir fundi, fyrirlestra, málþing, tónleika og ráðstefnur. Uppröðun stóla í salnum tekur mið af þörfum gesta okkar ásamt tæknibúnaði svo sem hljóðkerfi, hágæða myndvarpa og ræðupúlti.“

Norðurstofa og Suðurstofa

Fundarherbergin eru tvö, Norðurstofa og Suðurstofa. Í Norðurstofu er aðstaða fyrir allt að 16 manns og í Suðurstofu er aðstaða fyrir allt að 10 manns við hringborð ásamt þægilegri aðstöðu með sófasetti. „Danski hönnuðurinn Børge Mogensen hannaði sófasettið sem var gjöf frá danska þinginu til hússins árið 2001 þegar húsið hafði gengist undir viðgerðir og verið endurnýjað.“

Ekki má gleyma einum vinsælasta stiga landsins. „Ófa brúðhjón hafa leigt stiganum fyrir myndatöku á stóra deginum, en einstakur glæsileiki stigans hentar vel sem bakgrunnur á einum af stærstu viðburðum í lífi fólks. Stiginn hefur einnig verið leigður út fyrir aðrar myndatökur eins og fyrir tískuljósmyndun, útskriftir, fermingar og almennar fjölskyldu-myndatökur.“



Hægt er að skapa sér gott næði í Safnahúsinu.



Í lestrarsalnum er góður hljómburður, flygill og falleg birta frá stórum gluggum leikur um salinn.



Framúrskarandi þjónusta

Guðrún Jóna segir að leitast sé eftir að veita framúrskarandi þjónustu ásamt ráðgjöf sem hentar hverjum viðburði fyrir sig. „Öll aðstaða er til fyrirmyndar og unnið er eftir fremsta megni til að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar til að skapa einstaka upplifun. Allur tæknibúnaður er til fyrirmyndar bæði í fundarherbergjunum og í Lestrarsalnum og lagt er upp með að skapa einstaklega hlýlegt og fágað andrúmsloft. Góður fjárfundarbúnaður er til staðar sem eykur þægindin fyrir bæði fundahaldara og gesti sem koma inn á fundinn í gegnum búnaðinn. Eins má nefna að tæknibúnaðurinn er sérlega auðveldur til notkunar.“

Aðgengi að Safnahúsinu er gott.

Við hlið hússins er aðstaða fyrir hópferðabíla og á móti húsinu, Hverfisgötu 20, er bílastæðahús fyrir akandi gesti safnsins.

Leiðsagnir og sýningar

Guðrún Jóna segir að vinsælt sé að bóka leiðsögn um húsið og/eða yfirstandandi sýningar Listasafns Íslands í kringum fundartímann. „Leiðsagnirnar hafa verið vinsælar á starfs- og vinnufundum fyrirtækja og einnig þegar erlendir gestir funda í húsinu. Hægt er að bóka leiðsögn fyrir og eftir fundi en einnig er tilvalið að brjóta upp daginn, til dæmis í kringum hádegishlé, og njóta leiðsagnar um húsið og sýningar Listasafns Íslands. Leiðsagnirnar geta varað allt frá þrjátíu mínútum til klukku-



Guðrún Jóna Halldórsdóttir, markaðs- og þjónustustjóri Listasafns Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Salirnin eru vel búnir með fallegum húsgögnum.



Í Safnahúsinu við Hverfisgötu, eru tvö fullbúin og glæsileg fundarherbergi ásamt sal til útleigu.

Salarkynnin eru glæsileg í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Leiðsagnirnar hafa verið vinsælar á starfs- og vinnufundum fyrirtækja og einnig þegar erlendir gestir funda í húsinu.

sem mun taka yfir húsið á næstu mánuðum, en sýningin varpar ljósi á tengingu myndlistar og vísinda. Verkin á sýningunni eru lykilverk í eigu Listasafns Íslands sem skapa áhugavert samtalt myndlistarinnar við vísindaleg málefni og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.“

Guðrún Jóna segir að það sé ánægjulegt að Listasafn Íslands geti boðið upp á upplifun af þessu tagi líkt og þekktist víða í söfnum erlendis. „Við lítum svo á að þó svo að gestir komi ekki einungis í safnið til þess að skoða sýningar heldur sem fundar- eða ráðstefnugestir þá njóti þeir þessarar sérstöðu að skoða íslenska listasögu og framúrskarandi myndlist í þessari byggingu sem var sérstaklega byggð fyrir íslensk söfn.“

Innlendir sem erlendir gestir okkar hafa lýst yfir ánægju yfir fegurð og glæsileika hússins og á þá auknu upplifun að skoða sýningar safnsins að fundi loknum.“

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu safnsins listasafn.is og/eða senda póst á info@listasafn.is

stundar eftir því hvað hentar hverjum hópi fyrir sig. Umtalað er á meðal gesta okkar að öll aðkoma og glæsilegt útlit hússins í heild sinni ásamt sýningum safnsins skilur eftir sig ógleymanlega upplifun.“

Í húsinu eru núna tvær sýningar Listasafns Íslands. Það er annars vegar sýningin Fjársjóður þjóðar í Safnahúsinu sem varpar ljósi á þá dýrmætu safneign sem Listasafn Íslands býr yfir. „Á sýningunni eru listaverk frá síðari hluta 19. aldar til dagsins í dag, sem endurspeglar fjölbreytt viðfangsefni listamanna og gefst gestum hússins kærkomið tækifæri til að skoða mörg af helstu listaverkum þjóðarinnar. Hins vegar er til sýnis fyrsti hluti þverfaglegu sýningarinnar Viðnám,

Stafræn viðburðalausn sem breytir leiknum

Velkomin er stafræn viðburðalausn sem sérfræðingar Advania þróuðu í Covid, þegar viðburðahald í raunheimum stöðvaðist fyrirvaralaust og netið varð vettvangur ráðstefna og funda.

Fjöldi fyrirtækja notar þessa snjöllu lausn Advania, sem nýtist bæði fyrir viðburði sem fara einungis fram á netinu og sem blönduð lausn fyrir viðburði þar sem hluti þátttakenda mætir og hluti fylgist með í gegnum netið.

Upplifun gesta þarf að vera framúrskarandi hvort sem mætt er á svæðið eða horft á á netinu. Þar kemur Velkomin lausnin sterk inn.

Erla Harðardóttir, vörustjóri viðburðalausna hjá Advania, segir ýmsa kosti fylgja því að vera með viðburð á netinu, annað hvort alfarið eða að hluta. Talað er um hybrid- eða blandaða viðburði þegar þeir eru í senn staðar- og fjarviðburðir.

„Stafræn miðlun á viðburðum eykur virði þeirra til muna og er betri þjónusta við gesti, hvort sem þeir mæta á staðinn eða ekki. Það er ótakmarkað sætaframboð og upptaka af viðburðinum lifir áfram eftir að honum líkur. Við höfum síðastliðin tvö ár verið með 5.000 manna ráðstefnur og hefðum aldrei getað tekið á móti öllum þessum gestum í ráðstefnusalnum.“

Við fögnum því jákvæða sem breytt vinnuumhverfi hefur knúð okkur til að læra. Eftir undanfarin ár erum við betur í stakk búin til



Erla Harðardóttir, vörustjóri viðburðalausna, og Auður Inga Einarsdóttir markaðsstjóri segja Velkomin, stafrænu viðburðalausnina frá Advania, nýtast viðskiptavinum vel. **MYND/ÞESEND**

að halda og sækja stafræna viðburði, miðla þekkingu og eiga í gagnvirkum samskiptum stafrænt.“

Erla segir umhverfissjónarmið alltaf verða sterkari. „Við höfum gert reiknivél sem reiknar kolefnisfótspor viðburða með tilliti til hversu margir mæta á staðinn og hversu margir fylgjast með á netinu. Auk þess er hægt að bera saman kolefnisspor veitinga sem bornar eru fram og hversu mikil áhrif það hefur að gera litlar og einfaldar breytingar. Viðburða-

haldarar geta því tekið meðvitaða ákvörðun þegar kemur að því að ákveða hverslags viðburð skal halda. Það sama gildir um gestina.

Auður Inga Einarsdóttir, markaðsstjóri Advania, bendir á að stafrænt viðburðahald er ekkert nýtt af nálinni. Við erum hins vegar orðin móttækilegri fyrir því að sækja viðburði í gegnum netið. Við erum öll farin að gera meiri kröfur um sveigjanleika, að geta stjórnað tíma okkar sjálf og unnið hvaðan sem er. Blandað viðburðahald mætir kröfum þeirra sem

vilja mæta á viðburðinn og þeirra sem vilja geta stjórnað því hvenær og hvar þeir horfa á hann.

„Það eru engar skorður á borð við takmarkaðan sætafjölda eða bílastæði.“ Erla segir fólk sýna því mikinn áhuga að sækja stafræna viðburði. „Tími neytenda er dýrmætur og gera þeir sífellt auknar kröfur um hvernig þeir vilja verja honum. Fólk vill mæta á staðinn til að sýna sig og sjá aðra, en hefur val um að fylgjast með efni viðburðarins í ró og næði þegar því hentar, á stafrænu formi.“

Við höfum síðastliðin tvö ár verið með 5.000 manna ráðstefnur og hefðum aldrei getað tekið á móti öllum þessum gestum í ráðstefnusalnum.

Erla Harðardóttir

Velkomin lausnin var hönnuð og útfærð með skýr markmið í huga. Hún er einföld, notendavæn og býður hverjum og einum viðskiptavini að leyfa sínu vörumerki að skína. Auk þess getur viðskiptavinur sett inn allt efni sjálfur og séð breytingar í rauntíma og er því nokkuð sjálfbær eftir að innleiðingu lýkur. „Við þurfum öll að laga okkur að þessum nýju kröfum um viðburðahald og halda áfram að þróast,“ segir Erla.

„Þegar við nýtum stafrænu viðburðalausnina getum við boðið öllum að mæta óháð því hvar fólk er á landinu eða í heiminum,“ segir Auður Inga. ■

Taktu á móti eins
mörgum gestum
og þú vilt

Kynntu þér viðburðarlausn
Advania




ALLT FYRIR

Ráðstefnur &

sýningar



Fánar í öllum stærðum



Láttu okkur hanna og framleiða umgjörð fyrir þinn viðburð!

Roll-Up

Áratuga reynsla í framleiðslu, hönnun og þjónustu fyrir ráðstefnur, sýningar og aðra stórviðburði

Fjölbreyttar lausnir í sýningakerfum



Snap Up



Ljósakassar (tau)



ShowFlex (tau)



Multi Master



Gamla kerfið



Upplýsinga- og bæklingastandar



Hálsbönd, skirteini og ráðstefnupassar



Merkir pennar



Vinyl merkingar



Einnota/margnota fatahengismiðar



Sérmerktar skrifbökkir



Borðstandar

PRENTUN HÖNNUN & UMBROT

LEITAÐU TILBOÐA
sala@samskipti.is
580 7820
OG ÞÚ FÆRÐ SVAR UM HÆL

SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

Síðumúli 1 · 108 Reykjavík · Sími 580 7800 · Netfang: sala@samskipti.is · www.samskipti.is



komum á ráðstefnuna

Ráðstefnu- og viðburðafyrirtækið komum sérhæfir sig í viðburðum og ráðstefnum af öllum stærðum og gerðum og byggir á áralangri reynslu meðstofnenda þess, þeirra Ingibjargar Hjálmsfríðardóttur og Helgu Gunnar Þorvaldsdóttur.

komum var stofnað fyrir rétt um einu ári síðan af almannatengslafyrirtækinu KOM ráðgjöf ásamt Ingibjörgu og Helgu. Félagið er dótturfélag KOM en Ingibjörg og Helga eru meðeigendur. „Báðar höfum við lengi starfað við ráðstefnuskipulagningu, eða allt frá árinu 2003. Við höfum komið að fjölbreyttum verkefnum tengdum stjórnsýslu, ferðaþjónustu, heilbrigðisgeiranum, sjávarútvegi, menntastofnunum og mörgu öðru,“ segir Helga.

„komum er ráðstefnu- og viðburðafyrirtæki og við sérhæfum okkur í skipulagningu funda, ráðstefna og sýninga af öllum stærðum og gerðum. Fyrirtækið er núna að ljúka sínu fyrsta starfsári sem hefur verið afar gjöfult þrátt fyrir ungan aldur fyrirtækisins. Við sáum nýverið um skráningu á málþing um kynbundið ofbeldi. Fram undan eru ýmsir viðburðir, svo sem ráðstefna norrænna verkfræðinga, ráðstefna um jafnréttismál og önnur tengd sjávarútvegi. Við erum auk þess að skipuleggja ráðstefnu taugahjúkrunarfræðinga, EANN, sem haldin verður í maí 2023. Gaman er að segja frá

Við höfum komið að fjölbreyttum verkefnum tengdum stjórnsýslu, ferðaþjónustu, heilbrigðisgeiranum, sjávarútvegi, menntastofnunum og mörgu öðru.

Helga Gunnur

því að við starfsmenn komum að skipulagningu ráðstefnunnar þegar hún var haldin hér á landi síðast, árið 2007,“ segir Ingibjörg.

Margt að huga að

„Að halda ráðstefnu er ekki einfalt mál, ferlið getur talið nokkur ár og það þarf að huga að ýmsum þáttum til að vel megi takast til. Það gerist ósjaldan að aðilar ætla sjálfir að sjá um allt utanumhaldið. En þegar farið er af stað þá finnur fólk gjarnan að vinnan og tíminn sem í hana fer, er mun meiri en gert var ráð fyrir í fyrstu,“ segir Helga.

Ingibjörg bætir við að þá óski menn oft eftir aðkomu ráðstefnuskrifstofu. „Með hjálp ráðstefnuskrifstofu getur fagnefndin algjörlega einbeitt sér að innihaldi ráðstefnunnar og öðru sem snýr að faglegu hliðinni sem er ærið

verkefni. Ráðstefnuskrifstofan heldur aftur á móti utan um öll praktísku atriðin. Hjá komum erum við með bókunarkerfi sem heldur utan um skráningar þáttakenda og skráningu útdratta og má nefna í því sambandi að við erum með eitt besta ráðstefnukerfi sem völ er á,“ segir Ingibjörg. „Að auki sér ráðstefnuskrifstofan um gerð kostnaðaráætlunar, annast öll samskipti við birgja og þátttakendur, bókar fundaraðstöðu, hótél, veitingar, tækniþjónustu, skemmtikrafta og svo framvegis,“ bætir Helga við.

Einkenni vel heppnaðrar ráðstefnu

Til þess að halda vel heppnaða ráðstefnu segir Helga að nokkrir lykilþættir skipti þar gríðarlegu máli. „Góð fundaraðstaða, að tæknin virki vel og að dagskráin gangi snurðulaust fyrir sig. Það eru grundvallaratriði. Einnig verður innihald ráðstefnunnar að vekja áhuga og mikilvægt er að fá góða lykilyrirlésara,“ segir hún.

„Einnig þarf að tryggja að dagskrá sé hæfilega löng og áhersla lögð á að ráðstefnugestir hafi svigrúm til að spjalla við kollegana, hvort heldur sem er í kaffihléum, hádegi, móttöku og jafnvel kvöldverði,“ bætir hún við. „Veitingar skipta líka gríðarlega miklu máli, að þær séu fallega frambornar og bragðist vel. Svo má ekki gleyma að það á líka að vera gaman og því er mikilvægt að vera með uppbot á dagskrá, virkja jafnvel þátttakendur í smá glensi, skemmtiatriði við setningu ráðstefnu, í móttöku og þess háttar. Þetta skiptir allt máli,“ segir Ingibjörg.

Viðburðir hérlandis og erlendis

„Við höfum komið að ýmsum gerðum viðburða og ráðstefna, innlendum, norrænum og alþjóðlegum. Skipulagning ráðstefna

Með hjálp ráðstefnuskrifstofu getur fagnefndin algjörlega einbeitt sér að innihaldi ráðstefnunnar og öðru sem snýr að faglegu hliðinni sem er ærið verkefni.

Ingibjörg

getur tekið allt frá nokkrum mánuðum upp í tvö til þrjú ár. Það fer mjög eftir stærð og umfangi viðburðar hversu langan fyrirvara þarf. Það er þó mikilvægt að bóka fundarstað og hótél með góðum fyrirvara,“ segir Helga.

„Þegar kemur að tæknimálum, bókun og umsjón fundaaðstöðu, veitingum og slíku, þá eru þau atriði mjög áþekkt, hvort sem um er að ræða innlendar eða alþjóðlegar ráðstefnur. Hins vegar ef þátttakendur eru eingöngu innlendir þá er aðdragandinn oftast styttri og dagskráin líka. Nánast undantekningarlaust fer skráning á innlendar ráðstefnur seinna í gang. Íslendingar skrá sig yfirleitt með frekar skömmum fyrirvara,“ segir Ingibjörg. „Það heyrir til undantekninga að við sjáum um ráðstefnur utan Íslands en þó má geta þess að við munum sjá um ráðstefnu sem haldin verður í Bandaríkjunum í ár og svo í Grikklandi árið 2023,“ segir Helga að lokum. ■

Nánari upplýsingar um viðburða- og ráðstefnufyrirtækið komum má nálgast á komum.is.

Helga Gunnur til vinstri og Ingibjörg til hægri. Báðar búa þær yfir áralangri reynslu af ráðstefnu- og viðburðastjórnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Taylor Mac er magnaður listamaður.


Listahátíð nálgast

elin@frettabladid.is

Listahátíð í Reykjavík verður haldin dagana 1. - 19. júní en þar munu jafnt innlendir sem erlendir listamenn koma fram. Listahátíðin hefur verið leiðandi afl í menningarlífi þjóðarinnar frá árinu 1970. Venjulega er mikil listræn fjölbreytni á Listahátíð og flutt hafa verið verk eftir mikinn fjölda listamanna í gegnum árin. Á því verður engin undantekning nú.

Meðal þeirra sem koma fram er Taylor Mac sem nýtir drag, tónlist og húmor til að halda uppi kraftmikilli samfélagslegri gagnrýni. Taylor Mac kemur fram á stóra sviði Þjóðleikhússins með magnaði hljómsveit, en auk þess koma fram óvæntir gestir úr íslensku menningarlífi. Taylor Mac sló ræki-lega í gegn fyrir fáeinum árum, en hann hefur sýnt listgjörninga víða um heim og hlotið mikið lof fyrir.

Taylor Mac kemur fram 1. og 2. júní í Þjóðleikhúsinu. Hægt er að kynna sér alla þá frábæru listamenn sem koma fram á hátíðinni á síðunni listahatid.is. ■



Icelandic Tattoo Convention fer fram 3.-5. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Icelandic Tattoo Convention í júní

oddurfreyr@frettabladid.is

Icelandic Tattoo Convention fer fram helgina 3.-5. júní næstkomandi í Gamla Bíó, Ingólfsstræti 2a. Þetta verður í fimmtánda sinn sem ráðstefnan fer fram. Hún var fyrst haldin árið 2006 en féll niður árin 2020 og 2021 vegna heimsfaraldursins.

Tilgangur ráðstefnunnar er að fá fleiri húðflúrslitamenntil landsins.

Miðar á ráðstefnuna verða seldir við innganginn og þeir sem vilja pantatíma hjá listamönnunum sem koma í heimsókn verða að hafa samband við listamennina sjálfa, annað hvort með því að senda þeim skilaboð á Instagram eða mæta á ráðstefnuna og tala beint við þá. Gestir eru beðnir um að koma með reiðufé. ■

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna og þá listamenn sem eru að koma í heimsókn má finna á Facebook-síðunni The Icelandic Tattoo Convention, undir viðburðaheitinu Icelandic tattoo convention 2022 á Facebook og á Instagram undir notendanafninu icelandictattooconvention.

Aðstoða við útrás íslenskrar tónlistar

starri@frettabladid.is

Markmið Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) er að auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarútrás til að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum.

Starfsfólk ÚTÓN tók meðal annars þátt í sjö tónlistarráðstefnum eða „showcase hátíðum“ nú í vor.

Ólíkt hefðbundnum tónlistarhátíðum er stór hluti gesta aðilar úr tónlistarbransanum, til dæmis bókarar, umbodsmenn, fólk frá útflutningsskrifstofum, plötuútgáfum og PR fyrirtækjum.

Þeim er gjarnan boðið á hátíðina af skipuleggjendum eða koma þangað á eigin vegum til að kynna öðrum fagaðilum í tónlist, en tengsl eru einstaklega mikilvæg í



Svavar KnútUR Fór á WOMEX tónlistarráðstefnuna með ÚTÓN í fyrra.

tónlistariðnaðinum. Þegar ÚTÓN er með viðveru á hátíðum af þessu tagi er markmiðið að kynna Ísland og íslenska tónlist í viðtækum skilningi, og svo er hver hátíð með ákveðinn fókus.

Í ár er starfsfólk ÚTÓN sérstaklega að kynna lagalista Iceland Music og Record in Iceland verkefnið. ■

HEIMILD: UTON.IS



Stendur eitthvað til?

Harpa bíður þín með fjölbreytt rými, fullkominn tæknibúnað og þjónustulípur fagfólk. **Hvort sem þú ætlar að halda ráðstefnu, málþing, menningarviðburð, árshátíð, fund eða annars konar samkomu** mun fara vel um þig og viðburðinn hjá okkur.

Fjölbreytt aðstoða með margvíslegum möguleikum og tækniþekking á heimsmaðlíkvarða. Í Hörpu færðu persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf til að tryggja velheppnaðan viðburð.

Velkomin í Hörpu!

harpa.is





GULLIVER



Hlankur



Lixisflaug



PÓNIS




KARDE
MOMMU
BÆRINN



SIRKUS



MAMBÓ



FRENJU
DOLLA



Lixis
Toppis



SNICKERS
MARS



Kjörís
súperstar
íspinni

50 ÁRA
AFMÆLIS
ÚTGÁFA

Nýtt



Lixis

Saltkaramella
íspinni

Kjörís

Löngu hættur í trúðaisnum



Alfred Fannar Björnsson, betur þekktur sem BBQ kóngurinn, segir að allt kjöt undir kílói sé bara álegg. Hann grillar úti 300 daga ársins og á pallinum heima má finna fjölda ólíkra grilla fyrir ólík tilefni. Eðlilega er isinn ekki í aðalhlutverki hjá kónginum en hann fær sér is af og til.

Hver er fyrsta minningin um is eða ísbúð?
Ætli það hafi ekki verið í gamla Staðarskál-anum á leið til Ömmu og afa á Hofsósi.

Hvernig hefur issmekkur þinn þróast gegnum árin?

Hann hefur í stuttu máli þróast frá trúðais yfir í is í boxi með heitri súkkulaðisósu.

Hversu miklu máli skiptir is í lífi þínu?

Þetta er ekki kjöt, þannig að isinn er ekki beint aðalatriðið í lífi mínu þótt hann sé alveg ágætur.

Hver er uppáhaldsísbúðin þín?

Það er Huppa.

Hvers konar is færðu þér oftast og hvað er nauðsynlegt með is?

Ég fæ mér oftast is í boxi. Þá er algjörlega nauðsynlegt að hafa innihaldið 63% is og 37% sósu. Svo þegar hann fer að bráðna þá hræri ég öllu saman og er kominn með þennan fina sjeik.

Smakkar þú oft is á ferðalögum erlendis?

Ég fæ mér oftast ferskan frostpínna.

Hvers konar is eða meðlæti áttu eftir að prófa og ert spennur fyrir?

Ég man eftir sláturis sem var auglýstur á Ísdeginum í Hveragerði. Mig hefur alltaf langað til að smakka hann.

Ísinn er stór hluti af lífi okkar

Flest eigum við góðar minningar tengdar ís, í hvaða formi sem hann er. Við tengjum hann við sumar og sól, við æsku okkar og tengjum hann minningum um ástvini okkar. Fréttablaðið leitaði til nokkurra þekktra einstaklinga og spurði þá nokkurra spurninga sem tengjast ís.



Tengir ís við gleðina



Matreiðslumeistarann og veitingastaðaeigandanum Hrefnu Sætran finnst æði að fara með dóttur sinni í ísbúð eftir sund og hlæja og spjalla saman. Í sumar ætlar hún að prófa bananaplitt og íssamlökur.

Hver er fyrsta minning þín um is eða ísbúð?

Ég man vel eftir Dairy Queen í Vesturbænum. Ég man að mér fannst isinn svo girnilegur og minna á ský. Þá var maður bara í þessu einfalda, ís í brauði og allir sáttir. Einnig á ég minningar um ferðir í Eden í Hveragerði. Það var toppurinn en þá var ég komin í dýfuna og hris enda orðin eldri og með meiri kröfur.

Hvernig hefur issmekkur þinn þróast gegnum árin?

Vinkonur mínar gera grín að mér fyrir að vera með barnanammismekk, því ég elska bland í poka. Þið getið því ímyndað ykkur hvernig bragðarefurinn minn lítur út. Ís á ísrúnti og ís á veitingahúsi eða finni ísbúð er alveg tvennt ólíkt. Ég vil klassa og gæði í þessu síðarnefnda og þá þarf hræfnið að vera gott.

Hversu miklu máli skiptir is í lífi þínu?

Ég myndi segja að is skipti miklu máli í mínu lífi. Mér finnst æði að fara með dóttur minni í ísbúð eftir sund og hlæja og spjalla saman. Ég tengi is við gleði. Þegar börnin eru ekki hress eða eitthvað kemur upp á, þá sting ég upp á að fara í ísbúðina og allt gleymist þegar við erum komin með is í hendurnar.

Hver er uppáhaldsísbúðin þín?

Við förum mest í Ísbúð Vesturbæjar og Valdísu úti á Grandu. Gaeta Gelato í Aðalstrætunni er svakalega góð ísbúð, ég fer þangað svona spari. Svo verð ég að nefna ísbilinn, ég dýrka hann.

Hvers konar is færðu þér oftast og hvað er nauðsynlegt með is?

Ég er núna með sjeik-æði sem mér finnst smá fyndið. Mamma mín var alltaf í sjeik þegar ég var litil svo ég er búin að vera að grínast með að ég sé þá komin á þann aldur. Einnig finnst mér litill is með dýfu og smartiskurli geggjáð gott og á Valdís fæ ég mér sérbakað brauðform með skrauti og eina kúlu af Tyrkisk peber-ís.

Smakkar þú oft is á ferðalögum erlendis?

Ég er alltaf að kaupa is í útlöndum. Get ekki staðist girnilegar ísbúðir.

Hvers konar is eða meðlæti áttu eftir að prófa og ert spennur fyrir?

Bananaplitt og íssamlökur eru eitthvað sem mér finnst mjög spennandi að þróa og prófa sjálf að gera. Ætli ég láti ekki verða af því í sumar.

Vill hafa ísinn einfaldan



Halldór Gylfason er fastráðinn leikari við Borgarleikhúsið. Um þessar mundir leikur hann meðal annars í 9 lífum og Fyrirverandi, auk þess sem hann leikur stórt hlutverk í kvikmyndinni Allra síðasta veiðiferðin sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum. Halldór vill hafa ísinn sinn einfaldan og segist búa til ómótsæðilega íssósu.

Hver er fyrsta minningin um is eða ísbúð?

Það er Dairy Queen ísinn í Álfheimum eftir sund með pabba mínum árið 1976.

Hvernig hefur issmekkur þinn þróast gegnum árin?

Íssmekkurinn hefur svo sem þróast lítið gegnum árin. Í dag, eins og áður, vil ég hafa ísinn einfaldan.

Hversu miklu máli skiptir is í lífi þínu?

Hann skiptir þónokkru máli í lífi mínu enda er isinn eitt af því fáa sem ég leyfi mér.

Hver er uppáhaldsísbúðin þín?

Það er Ísbúð Vesturbæjar. Hvers konar is færðu þér oftast og

hvað er nauðsynlegt með is?

Gamli isinn í Ísbúð Vesturbæjar verður oftast fyrir valinu. Mér finnst heimatilbúna sósan mín ómótsæðileg með öllum ís.

Smakkar þú oft is á ferðalögum erlendis?

Ég fæ mér reglulega is á ferðalögum erlendis en þá alltaf kúluis, aldrei ís úr vél.

Hvers konar is eða meðlæti áttu eftir að prófa og ert spennur fyrir?

Ís með bjór, en eftir á að hyggja er ég ekki spennur fyrir honum.



FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Tilveran ömurleg án íss

Rithöfundurinn og verkfræðingurinn Yrsa Sigurðardóttir hefur elskað ís frá því hún man eftir sér.

Hver er fyrsta minning þín um is eða ísbúð?

Sterkustu minningarnar eru líklega þau skipti þegar is datt af brauðformi í götuna og fór fyrir lítið. Það gerðist of oft því miður og er hluti af tráma barnæskunnar.

Svo man ég mjög vel eftir is sem var seldur í mótuneytinu í barnaskólanum sem ég gekk í í Ameríku.

Hvernig hefur issmekkur þinn þróast gegnum árin?

Ég hef haldið mig við vanilluis alla tíð og held að það fari væntanlega ekki að breytast úr þessu. Raunar man ég eftir að mér þótti rosalega gott að fá „coke-float“ þegar ég bjó í Ameríku en ég færi seint að panta mér það í dag. „Coke-float“ var kókglas sem vanilluis var skutlað ofan í. Frekar mikið gums.

Hversu miklu máli skiptir is í lífi þínu?

Ís skiptir mig miklu máli. Margt hefur breyst í mínum matarsmekk gegnum árin en is er alltaf á topp tíu lista mínum varðandi fæðu. Tilveran væri ömurleg án íss.

Hver er uppáhalds ísbúðin þín?

Ísbúðir sem eru nálægt mér eru í uppahaldi, Ísbúð Huppu á Seltjarnarnesi og Valdís úti á Grandu.

Smakkar þú oft is á ferðalögum erlendis?

Já, en hann stendur sjaldan undir væntingum. Sérstaklega finnst mér sorbet eða ávaxtais glataður – erlendis sem hérlendis. En samt fila ég frostpínna ef það er mjög heitt úti.

Hvers konar is eða meðlæti áttu eftir að prófa og ert spennur fyrir?

Hálfráðinn vanilluis drukkinn gegnum þrjú lakkrisrör væri eitthvað sem ég myndi vilja prófa.

Góður ísbiltúr er málið



Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir leikur með Orlando Pride í bandarísku úrvalsdeildinni í fótbolta. Bragðarefurinn er í mestu uppahaldi og hún segir íslenskan ís þann besta í heimi.

Hver er fyrsta minning þín um is eða ísbúð?

Þegar ég var yngri bjó amma mín á móti Garðatorgi í Garðabæ. Þá var aðalmálið að fara með henni í sjoppuna og fá trúðais. Og það besta var tyggjókúlan á botninum.

Hvernig hefur issmekkur þinn þróast gegnum árin?

Þegar ég var litil fékk ég mér alltaf trúðais. Svo uppgötvaði ég bragðaref sem er enn þá uppahaldið mitt í dag.

Hversu miklu máli skiptir is í lífi þínu?

Ég fattaði ekki fyrr en ég flutti út hvað ísbiltúr er geggjaður. Að skella sér á rúntinn með fjölskyldu eða vinum og fá sér einn ís er málið. Núna er það orðin hefð hjá mér að fara með litlu systkinum mínum í ísbiltúr þegar ég kem til landsins.

Hver er uppáhaldsísbúðin þín?

Ég er mikill Garðbæingur og fer oftast í ísbúðirnar þar. Því verð ég að segja Huppu og Ísbúðin í Garðabæ.

Hvers konar is færðu þér oftast og hvað er nauðsynlegt með is?

Ég fæ mér yfirleitt bragðaref og deili honum með maka mínum. Oftast inniheldur hann jarðarber, Snickers og kókosbollu.

Smakkar þú oft is á ferðalögum erlendis?

Satt að segja fæ ég mér eiginlega aldrei ís nema á Íslandi. Það er eitthvað við íslenskan ís sem gerir hann besta ís í heimi.

Hvers konar is eða meðlæti áttu eftir að prófa og ert spennur fyrir?

Fólk hefur nefnt ís með Hockey pulver en ég hef ekki prófað hann enn.



**PANTAÐ
& SÓTT**

PANTAÐU ÍSINN Á NETINU



- 1) Farðu inn á isbudhuppu.is
- 2) Smelltu á [pantað og sótt](#)
- 3) Pantaðu ís
- 4) Veldu [Garðabæ](#) eða [Selfoss](#)
- 5) Veldu hvenær þú vilt sækja



- VARÚÐ VERULEGA ÁVANABINDANDI -

Heyrst hefur að Nóa Kropp sé **MEST** ávanabindandi nammið á Íslandi!*

HELSTU AUKAVERKANIR ERU:

OFSAGLEÐI – OFSAHLÁTUR – GÆTIR FARIÐ AÐ SYNGJA OG
JAFNVEL DANSA. Þeir þú með okkur í GLEÐINA? Nóa Kropp, brakandi
snilld og alveg HÆTTULEGA GOTT!



*Samkvæmt könnun Nammitips! á Facebook í janúar 2022.



Bílar & Farartæki

Bátar

MERCURY
Utanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.



Verkstæði Vélasólanar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercuriser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum



R. SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari
s. 864 2627 • bernhof@gmail.com
www.bernhof.is

Steinhella 17
lager - geymsluhúsnæði
500 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu. Mikil lofthæð, laust nú þegar.
Uppl. í s. 893 9777

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is
FYRIR EFTIR
Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



BORÐVIFTUR
23 CM VIFTUBLÖÐ
4.339 kr.

LAVADA
39.990 kr.

BORÐKÆLAR
MJÖG NETTIR
15.976 kr.

JET I
20.768 kr.

IÐNADARLOFTVIFTUR
21.101 kr.

TURBO SWIRL
21.101 kr.

KÍKTU Í VIFTUBÚÐINA EÐA SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.VIFTUR.IS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni.
- 20.00 Lengjudeildin í beinni** Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni.
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Fólkið í landinu** Guðrún Nielsen.
- 13.35 Útsvar 2011-2012** Akureyri - Kópavogur.
- 14.40 Eldað úr afskurði**
- 15.00 90 á stöðinni**
- 15.20 Hið sæta sumarlíf**
- 15.50 Með okkar augum**
- 16.20 Úti** Langisjór og Kerlingarfjöll
- 16.45 Stiklur** Fámennit í fagurri sveit.
- 17.30 Tónstofan** Einar Jóhannesson.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Lesið í líkamann**
- 18.29 Nei sko!** Sólkerfið.
- 18.32 KrakkaRÚV**
- 18.35 Húllumhæ**
- 18.50 Sögur frá Listahátíð**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Kastljós**
- 20.00 Gettu betur - Á blápræði**
- 21.10 Dýrin mín stór og smá. All Creatures Great And Small**
- 22.00 Marco-áhrifin. Marco effekten** Dönsk spennumynd frá 2021. Ungur drengur af austur-evrópskum uppruna er handtekinn fyrir að hafa vegabréf dansks embættismanns í fórum sínum. Embættismaðurinn hvarf eftir að hafa verið sakaður um barnanið og hefur ekkert til hans spurst um árabíl. Rannsóknarlögreglumadurinn Carl Mørck og félagar hans í Deild Q hefja rannsókn á málinu sem leiðir þá allt frá undirheimum Kaupmannahafnar til danska fjármálaheimsins. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 00.00 Poirot. Agatha Christie's Poirot**
- 00.50 Dagskrárlök**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 Bachelor in Paradise**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 The Unicorn**
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 Top Gun**
- 21.55 The Gambler** Jim Bennett er bæði enskukennari, og fjárhættuspilari. Hann leggur allt undir og tekur lán hjá glæpamanni og býður honum sitt eigið líf sem tryggingu.
- 23.45 Ghost in the Shell**
- 01.30 Mile 22** Spennutryllir frá 2018 með Mark Wahlberg í aðalhlutverki. Hér segir frá sérsveitarmanninum James Silva sem fær það erfiða verkefni að smygla asiskum lögreglumanni úr landi sínu, en sá hafði leitað til bandaríska sendiráðsins um vernd.
- 03.00 Tónlist**
- Stöð 2**
- 07.55 Heimsókn**
- 08.10 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Supernanny**
- 10.05 Masterchef USA**
- 10.45 Your Home Made Perfect**
- 11.45 Golfarinn**
- 12.15 It's Always Sunny in Philadelphia**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 30 Rock**
- 13.15 Bara grín**
- 13.40 Bump**
- 14.10 First Dates Hotel**
- 14.55 Glaumbær**
- 15.40 The Dog House**
- 16.30 Real Time With Bill Maher**
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 17.50 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.40 Sportpakkinn**
- 18.45 Wipeout**
- 19.25 Britain's Got Talent**
- 20.45 Crown Vic**
- 22.35 Tenet** Óskarsverðlaunamynd frá 2020 með John David Washington og Robert Pattinson í aðalhlutverkum. Myndin gerist í alþjóðlegum heimi njósna.
- 01.00 Birds of Prey**
- 02.40 The Mentalist**
- 03.25 Supernanny**
- 04.05 It's Always Sunny in Philadelphia**

Draugagangur í skelinni

Í Sjónvarpi Símans í kvöld verður sýnd spennumyndin Ghost in the Shell frá 2017 með Scarlett Johansson í aðalhlutverki. Myndin segir frá vél-gæddu lögreglukonunni Motoko Kusanagi sem tekst á við öflugri andstæðing en nokkru sinni fyrr. Myndin er byggð á marglofaðri japanskri teiknimynd með sama heiti frá árinu 1995.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 grín
- 5 ból
- 6 skyldir
- 8 frekur
- 10 tónn
- 11 sár
- 12 meginhluti
- 13 myndugleiki
- 15 aulast
- 17 borg

LÓÐRÉTT

- 1 tré
- 2 hleri
- 3 væl
- 4 mislíka
- 7 ásjónu
- 9 eykur
- 12 pínulítilla
- 14 kvk. nafn
- 16 stöðugt

LÁRÉTT: 1 glens, 5 rúm, 6 áa, 8 áglarn, 10 fa, 11 und, 12 aðal, 13 rögg, 15 asast, 17 pars. LÓÐRÉTT: 1 gráfura, 2 luga, 3 emj, 4 sárna, 7 andlit, 9 augar, 12 agna, 14 ósp, 16 sl.

Sudoku

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
5		2			3	1		

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4	6						5	
		3			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Þú situr ekki þarna í fullri alvöru og leggur til að við höfum ber-brjósta konur á síðu 3! Hvar varst þú í me too byltingunni?

Me what?

Við ætlum ekki að hafa ber-brjósta konur á síðu 3, Eddi!

Stór og virt dagblöð á Englandi hafa gert þetta með frábærum árangri í áratugi!

Egill! Haltu mér fastri eða hringdu í lög-regluna!

Okeil Ef dömmurnar fjúka þá þurfum við meira sport! Það er no-brainer!

Við erum að reyna að gera dagblað fyrir fólk með heila, hellisbúi!

Meiri djass!

Hmmm... laus ritstjórastaða á bæjarblaðinu Síld og kartöflur á Suðuvík! Hmmm

Eftir Frode Øverli

Fær enn kvíðaköst þegar hún heyrir í flugvélum

Olena Jadallah og fjölskylda hennar flúðu stríðið í Úkraínu hingað til lands. Olena var varaborgarstjóri í Irpin og hefur ýmislegt að segja um aðbúnað og móttöku flóttafólks á Íslandi.



Leið eins og úrhraði

Íslensk kona sem stundaði vandi segir afleiðingarnar vera afallstretturöskun, kvíða og þunglyndi. Eins sé það yfirþyrmandi að mæta mönnum í bankanum eða Bónus.



Ketamín bjargaði lífi hans

Valdimar Númi segir ketamínmeðferðir utan heilbrigðiskerfisins hafa komið í veg fyrir sjálfsvíg vegna óbærilegra verkja og losað hann undan vítahring morfinskyldra lyfja.

BORG

F A S T E I G N A S A L A

519 5500 · FASTBORG.IS · EUROMARINA.COM/IS/

Draumaeign á Spáni

Kynning á Grand Hótel Reykjavík um helgina

Fasteignasalan Borg, í samstarfi við byggingar-fyrirtækið Euromarina á Spáni, býður glæsilegt úrval nýrra heimila á Spáni. Um er að ræða íbúðir og einbýlishús af ýmsum stærðum og gerðum.

Við hjá Borg fasteignasölu tryggjum örugga og góða þjónustu við Euromarina og fylgjum þér frá upphafi til enda með þínar þarfir og væntingar að leiðarljósi.

Allir velkomnir!

Laugardaginn 28. maí kl. 11–18
Sunnudaginn 29. maí kl. 11–17



Gunnlaugur lögg. fasteignasali

844 6447 • gunnlaugur@fastborg.is



Úlfar Þór lögg. fasteignasali

788 9030 • ulfar@fastborg.is



María í námi til lögg. fasteignasala


866 3934 • maria@fastborg.is



Siggí Fannar lögg. fasteignasali

897 5930 • siggifannar@fastborg.is

Með þér í sumar



459
kr./stk.



750 ml

Effervé
750 ml - 0.0%



**Óáfengur
sumardrykkur**

**Áfengislaus
0,0%**

139
kr./stk.



Faxe Premium
500 ml - 0.0%

500 ml

579
kr./kg



Límóna
S-Ameríka

389
kr./kg



Sítróna
Spánn

298
kr./pk.



**Ísmolar
2 kg**

BÓNUS

598

kr./pk.



Smash style hamborgarar
2x 120 g



129

kr./pk.



Hamborgarabrauð
2 stk

1.798

kr./kg



Pýskar kalkúnbringur
frosnar

4.995

kr./kg



Pýskar nautalundir
frosnar

1.498

kr./pk.



Danskar kjúklingabringur
frosnar

900 g

1.998

kr./kg

**Sama verð
og í fyrra**



Íslandslamb
lambagrillpakki

**6 sneiðar
í pk.**

398

kr./pk.



Myllan lífskornabrauð
450 g í pk.

398

kr./pk.


**pú
sækir**



Roncadin Pizzur
350-380 g í pk.




Sviðið: Þarna troða stafrænu staðgenglarnir, kallaðir Abbatars, upp, ásamt tíu manna bandi skipuðu hljóðfæraleikurum af holdi og blóði.



Skjárninn: Ósýnilegt plasttjald sem sýnir kvikmynd sem verður til þess að áhorfendur fá sterkt á tilfinninguna að ABBA sé í raun og veru á sviðinu.



Sýndartónleikarnir eru 360 gráðu upplifun.



Sænska poppundrið tekur sviðið 40 árum seinna

Í dag er loksins komið að því að ABBA taki sviðið á ný eftir 40 ára hlé eins og ekkert hafi í skorist, þar sem stafrænir staðgenglar þeirra Fridu, Agnetu, Björns og Bennys líta út fyrir að vera nákvæmlega fjórum áratugum yngri en þau eru í dag.

toti@frettabladid.is

■ Abba Arena er 6.710 fermetra bráðabirgðaleikvangur sem reistur er á bílastæði með starfsleyfi til fimm ára og hann aður þannig að hægt er að taka hann niður og setja upp aftur eins og þurfa þykir.



Sýningin byrjar 27. maí 2022. Miðinn kostar 21 pund eða um það bil 3.400 krónur.



■ ILM, brellufyrirtækið sem George Lucas stofnaði til þess að þjóna Star Wars myndunum, kvikmyndaði ABBA á meðan þau komu fram í búningum sem fönguðu hreyfingar þeirra. Upplýsingarnar sem þannig var safnað voru síðan notaðar til þess að skapa stafræna holdgervinga fjórmeninganna eins og þau litu út á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.



■ Andlit Fridu fangað stafrænt og yngri útgáfa af henni sprettur fram.



■ Voyage kom út 5. nóvember 2021. Platan var upphaflega hugsuð sem safn bestu laga ABBA ásamt tveimur nýjum lögum, en Benny Anderson endaði með að semja tíu ný lög, sem dugði til að fylla nýja plötu.



Lyfsalinn heitir nú Lyfjaval

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja



★ PÖNNUTILBOÐ ★
ALLA DAGA

STÓR PIZZA
1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA

EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Klara Elias stökk á tækifærið sem hún fékk til að semja Þjóðhátíðarlagið fyrir sögulega endurkomu-hátíðina í ár, enda aðeins önnur konan á tæpum 90 árum sem fengin er til verksins.

MYND/STEPHANIE MOSER

Eyjanótt nostalgíu og gleði

Eyjanótt eftir tónlistarkonuna Klöru Elias er Þjóðhátíðarlagið í ár, en í því segist hún hafa reynt að fanga bæði fortíðarþrá og eftirvæntinguna eftir því að fá loksins að koma aftur saman í Herjólfsdal.

toti@frettabladid.is

„Þau hjá Þjóðhátíðarnefnd höfðu bara samband fyrr á árinu og spurðu hvort ég vildi taka þetta verkefni að mér,“ segir tónlistarkonan Klara Ósk Elíasdóttir, Klara Elias, sem semur og syngur Þjóðhátíðarlagið Eyjanótt. „Og ég sagði náttúrulega að sjálf-sögðu bara já, takk.“

Þjóðhátíð í Eyjum á sér tæplega 90 ára sögu og Klara verður með Eyjanótt aðeins önnur konan til þess að semja og syngja lag hátíðarinnar, en Ragga Gísla var sú fyrsta með Sjáumst þar, frá 2017.

„Þetta mikill heiður og ég er þakklát fyrir að fá þetta tækifæri,“ segir Klara sem fékk, eins og svo oft áður, Ölmú Guðmundsdóttur, til liðs við sig.

„Ég sem lagið með henni Ölmú en ég vinn náttúrulega bara langmest með henni. Við eigum ótrúlega merkilegt vinnusamband þannig að ég bara elska að semja með henni og mér fannst líka frábært að fá aðra konu með mér í þetta,“ segir Klara, um stóllu sína úr hinu fornfræga stúlknabandi Nylon.

Söguleg endurkoma

„Mér fannst bara ekki annað koma til greina en að gera lagið með sama fólki og ég gerði lagið Heim,“ segir Klara um lag þeirra Ölmú, sem hún



Ef þetta er síðasta nóttin sem við eigum hér þá er mér sama svo lengi sem ég er með þér.



Eyjanótt eftir Klöru Elias kemur út 7. júní.

gaf út í fyrrasumar og varð einhvers konar óformlegt Þjóðhátíðarlag.

„Heim var ekki samið sem Þjóðhátíðarlag en kom bara þannig frá okkur að það varð að Þjóðhátíðarlagi. En Eyjanótt var samið með Þjóðhátíð í huga og varð eiginlega bara til fljótlega eftir að ég var beðin um þetta og ég var náttúrulega bara með ákveðna hugmynd um hvernig ég vildi að það væri.“ Klara segist hafa viljað reyna að grípa nostalgíuna og stemninguna sem einkenna Þjóðhátíð inn í lagið. „Og ná þeirri upplifunartilfinningu sem mér finnst vera einkennandi fyrir hátíðina í ár.“

Það hefur náttúrulega ekki verið Þjóðhátíð í tvö ár og þótt hún hafi verið söguleg í fyrra þar sem við vorum í Brekkusöngnum fyrir tónum dal þá verður þetta svo mikil endurkoma hjá hátíðinni í ár sem gerir hana ennþá stærri og merkilegri. Ég held að mér hafi tekist það

að ná að setja þessa tilfinningu og þessa gleði í lagið. Þessa Þjóðhátíðarstemningu.“

Eyjanótt kemur út 7. júní og myndband, sem Klara tekur upp úti í Eyjum í vikunni, fylgir í kjölfarið þremur dögum síðar.

Síðasta nóttin

Klara talar um „galið tímabil“ þegar hún lýsir ótrúlegum áhrifum heimsfaraldursins á líf og líðan fólks. „Ég held að þetta hafi verið svona heimsenda móment sem hefur fengið mann til að endurskoða hlutina rosalega.“

Ég held að þessar tilfinningar, sem við erum búin að fara í gegnum öll saman síðustu tvö ár, kristallist svölítið í texta lagsins. Þar kemur fram að ef þetta er síðasta nóttin sem við eigum hér þá er mér sama svo lengi sem ég er með þér. Þetta lýsir laginu svölítið og þessari eftirvæntingu eftir því að mega koma saman og vera saman á þessari sögulegu Þjóðhátíð. Klara mun að sjálfsögðu fylgja laginu alla leið og syngja það í Herjólfsdal, á hátíð sem verður ekki sist söguleg fyrir hana sjálfa. „Ég get sko ekki beðið eftir því að vera í Dalnum fullum af fólki,“ segir Klara, sem söng í fyrsta skipti á mannláusri Þjóðhátíð í fyrra.

„Ég hafði aldrei komið fram á Þjóðhátíð. Ekki einu sinni þegar ég var að koma sem mest fram á Nylon tímanum. Þá vorum við bara svo bókaðar annars staðar um landið að við náðum aldrei til Eyja, þannig að þegar ég söng í fyrsta skipti í Eyjum var það fyrir tónum Dalnum þannig að nú hlakka ég til að syngja fyrir hann fullan.“ ■

Borgarafólk í bíóbobba

toti@frettabladid.is

Kvikmyndin The Bob's Burgers Movie, sem byggir á samnefndum teiknimyndapáttum, er frumsýnd vestanhafs í dag en íslenskir addáendur þáttanna eru margir hverjir með böggum hildar eftir að þeir komust að því að ekki stendur til að sýna hana í kvikmyndahúsum hérlendis.

Markús Már Efraím vakti fyrst athygli á þessu í Facebook-hópnum Fullorðnir addáendur teiknimynda þegar hann spurði: „Á ég að trúa því að Bob's Burgers myndin verði ekki sýnd á Íslandi? Eru ekki nógu margir addáendur í þessum hóp til að skipuleggja sérsýningu?“

Hann hafði í framhaldinu samband við Samfilm þar sem hann var upplýstur um að almennar sýningar hérna strönduðu á því að hjá



Enn eru bundnar vonir við að hægt sé að koma Bob og félögum í bíó á Íslandi.

Disney og 20th Century Films þykir ekki taka því að dreifa henni í öllum löndum Evrópu.

„En Sambíóin eru að vinna í því að fá leyfi til að sýna hana á nokkrum sýningum,“ skrifar Markús Már í stuttri skýrslu í hópnum. Íslenskir fastakúnnar Bob's Burgers lifa því

enn í voninni um að úr rætist og Markús Már gengur að því sem gefnu að þau sem biði spennt eftir því með honum og sonum hans að sjá myndina, muni ekki setja það fyrir sig að hún verði væntanlega sýnd ótæxtuð, takist Sambíónum að liðka fyrir sérsýningum. ■



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

enox.® rafreiðhjólin tryggja útivist, umhverfisvænt og hollustu

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km



20%

Mest seldu rafhjólin í Húsasmiðjunni.
Gildir aðeins dagana 5.-8. maí

151.920 kr
~~189.900~~ kr

Rafmagnshjól ENOX EBX34 - EBX37 - 26"

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótör að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með. 3903103, 3903104

Fást í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox.®
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI



Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
 Guðmundsdóttur



Okkar mál?

Í síðustu viku heimsótti góður hópur stærstu tæknifyrirtæki heims til að sannfæra þau um að gefa íslensku pláss í lausnunum sem við notum daglega, til dæmis símunum okkar. Það er skemmst frá því að segja að stjórnendur stærstu tæknifyrirtækja heims tóku afskaplega vel á móti fulltrúum tungumálsins okkar. Enda er íslenska ekki lítið tungumál – þó færa megi rök fyrir því að það séu ekkert sérstaklega margir sem tala það.

Ég er stundum spurð að því hvers vegna það skipti máli að varðveita íslenskuna, sem er eitt þeirra smærri tungumála hvers tilvist er ógnað í stafrænum heimi þar sem öll tæki tala við okkur á ensku og öðrum erlendum málum. Við þessu eru nokkur svör.

Í fyrsta lagi eru tungumál verðmæti í sjálfu sér, sem ber að varðveita. Í öðru lagi geyma tungumál in menningu og sögu þeirra þjóða sem þau nota, sem týnist ef þau deyta út. Í þriðja lagi er tungumál stór hluti sjálfsmyndar einstaklinga, svo stór hluti að rannsóknir sýna að ungu fólki í samfélögum sem ekki tekst að varðveita tungumálið sitt, farnast verr en samburðarhópum í öðrum löndum þar sem tungumálin lifa áfram. Síðast en alls ekki síst er aðgangur og notkun tungumálsins í samskiptum og við að fá upplýsingar, mannréttindamál fyrir fólk með fötlun.

Sum þurfa að tjá sig með notkun máltækni, önnur þurfa að sækja upplýsingar með notkun tækninnar. Þó það verði töff fyrir flest okkar að geta talað við bíla, brauðristir og slökkvара heimilisins, þá er það ekki beinlínis mannréttindamál. Svona ef við horfum á stóru myndina. ■

SUMAR ÚTSALA HEFST Í DAG

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR



CLEVELAND

Hornsófi. Hægri eða vinstri. Ljósgrátt eða dökkgrátt áklæði. 308 x 203 x 81 cm.

139.993 kr. ~~199.990 kr.~~



HRAUNHAMAR
 FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI
 SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

**NÝBYGGINGAR
 Í HAFNARFIRÐI**

FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU
 Í SKARDSLÍÐ OG HAMRANESI

Reykjavík
 Bíldshöfði 20

11 – 18 virka daga
 11 – 17 laugardaga
 13 – 17 sunnudaga

Akureyri
 Dalsbraut 1

11 – 18 virka daga
 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
 Skeiði 1

**HÚSGAGNA
 HÖLLIN**